

Fimmtudaginn 10. desember 1998.  
Nr. 109/1998.

**Lífeyrissjóður starfsmanna  
Áburðarverksmiðju ríkisins**

(Magnús M. Norðdahl hrl.)  
gegn

**íslenska ríkinu**

(Jón G. Tómasson hrl.)

**Áburðarverksmiðjunni hf.**

(Elvar Örn Unnsteinsson hrl.)

**Þorsteini V. Þórðarsyni**

(Ástráður Haraldsson hrl.) og

**Sveini Sæmundssyni**

(Helgi V. Jónsson hrl.) og

**Þorsteinn V. Þórðarson og**

**Sveinn Sæmundsson**

gegn

**Lífeyrissjóði starfsmanna**

**Áburðarverksmiðju ríkisins**

Skaðabætur. Verðbréf. Endurskoðendur. Lífeyrissjóðir. Sératkvæði.

**Dómur Hæstaréttar.**

Mál þetta dæma hæstaréttardómararnir Garðar Gíslason, Guðrún Erlendsdóttir, Haraldur Henrysson, Hjörtur Torfason og Markús Sigurbjörnsson.

Aðaláfrýjandi skaut máli þessu til Hæstaréttar 10. mars 1998. Hann krefst þess aðallega: 1. að stefndu íslenska ríkið, Þorsteinn V. Þórðarson og Sveinn Sæmundsson verði dæmdir in solidum til greiðslu 65.725.475 króna með dráttarvöxtum samkvæmt III. kafla vaxtalaga nr. 25/1987 af nánar tilgreindum fjárhæðum frá 4. maí 1993 til greiðsludags, allt að frádregnum 1.975.864 krónum, að viðbættum dráttarvöxtum samkvæmt III. kafla vaxtalaga frá 20. desember 1994 til greiðsludags, 2. að stefndu Áburðarverksmiðjan hf., Þorsteinn V. Þórðarson og Sveinn Sæmundsson verði dæmdir in solidum til greiðslu 14.827.328 króna með dráttarvöxtum samkvæmt III. kafla vaxtalaga frá 14. mars 1995 til greiðsludags, allt að frádregnum 1.206.390 krónum, að viðbættum dráttarvöxtum sam-

kvæmt III. kafla vaxtalaga frá 23. apríl 1996 til greiðsludags. Til vara krefst aðaláfrýjandi þess: 1. að stefndu íslenska ríkið og Þorsteinn V. Þórðarson verði dæmdir in solidum til greiðslu 48.032.380 króna með dráttarvöxtum samkvæmt III. kafla vaxtalaga af nánar tilgreindum fjárhæðum frá 4. maí 1993 til greiðsludags, allt að frádregnum 1.975.864 krónum, að viðbættum dráttarvöxtum frá 20. desember 1994 til greiðsludags, 2. að stefndu íslenska ríkið, Þorsteinn V. Þórðarson og Sveinn Sæmundsson verði dæmdir in solidum til greiðslu á 17.693.095 krónum með dráttarvöxtum samkvæmt III. kafla vaxtalaga af nánar tilgreindum fjárhæðum frá 14. mars 1995 til greiðsludags, allt að frádregnum 1.206.390 krónum, að viðbættum dráttarvöxtum frá 23. apríl 1996 til greiðsludags, 3. að stefndu Áburðarverksmiðjan hf., Þorsteinn V. Þórðarson og Sveinn Sæmundsson verði dæmdir in solidum til greiðslu 14.827.328 króna með dráttarvöxtum samkvæmt III. kafla vaxtalaga frá 14. mars 1995 til greiðsludags. Loks krefst aðaláfrýjandi málskostnaðar bæði með aðal- og varakröfum í héraði og fyrir Hæstarétti.

Þorsteinn V. Þórðarson áfrýjaði héraðsdómi 8. maí 1998. Hann krefst aðallega sýknu af öllum kröfum aðaláfrýjanda og málskostnaðar í héraði og fyrir Hæstarétti, en til vara, að kröfur aðaláfrýjanda verði stórlega lækkaðar og málskostnaður látinn niður falla.

Sveinn Sæmundsson skaut máli þessu til Hæstaréttar 8. júní 1998. Hann krefst sýknu af öllum kröfum aðaláfrýjanda og málskostnaðar í héraði og fyrir Hæstarétti.

Íslenska ríkið krefst sýknu af kröfum aðaláfrýjanda og málskostnaðar fyrir Hæstarétti, en til vara er krafist verulegrar lækkunar stefnufjárhæðar.

Áburðarverksmiðjan hf. krefst staðfestingar hins áfrýjaða dóms og málskostnaðar fyrir Hæstarétti. Til vara er krafist verulegrar lækkunar stefnufjárhæðar og málskostnaðar fyrir Hæstarétti.

Nokkur ný gögn hafa verið lögð fyrir Hæstarétt.

## I.

Eins og fram kemur í héraðsdómi, hóf gagnáfrýjandi Þorsteinn V. Þórðarson störf hjá Áburðarverksmiðju ríkisins árið 1965 og annað-ist reikningshald fyrir lífeyrissjóð starfsmanna verksmiðjunnar frá árinu 1970. Hann var umsjónarmaður sjóðsins frá árinu 1973 og aðal-

maður í stjórn hans frá 1982. Á tímabilinu apríl 1993 til september 1994 keypti hann veðskuldabréf, að nafnverði 100.587.872 krónur, fyrir samtals 91.794.660 krónur, sem gefin voru út af ýmsum fyrirtækjum og einstaklingum, sem ekki voru félagar í lífeyrissjóðnum. Með dómi Hæstaréttar 2. apríl 1996, H. 1996, 1199, var því slegið föstu, að hann hefði farið verulega út fyrir heimildir í 1. tl. 6. gr. reglugerðar lífeyrissjóðsins við kaup á skuldabréfunum, og var hann sakfelldur fyrir umboðssvik auk fjárdráttar úr sjóðum aðaláfrýjanda. Með sama dómi var gagnáfrýjandi Sveinn Sæmundsson, sem verið hafði endurskoðandi lífeyrissjóðsins frá árinu 1976, dæmdur fyrir brot á lögum nr. 67/1976 um löggilta endurskoðendur og lögum nr. 27/1991 um ársreikninga og endurskoðun lífeyrissjóða.

Í máli því, sem hér er til meðferðar, krefst aðaláfrýjandi bóta fyrir tjón það, sem hann kveðst hafa orðið fyrir vegna framangreindra skuldabréfakaupa. Kröfunum beinir hann að íslenska ríkinu fyrir hönd Áburðarverksmiðju ríkisins, en hún var lögð niður 1. júlí 1994, er Áburðarverksmiðjan hf. hóf starfsemi sína, og er kröfum beint að hlutafélaginu fyrir það tjón, sem varð eftir 1. júlí 1994. Þá er kröfum beint að gagnáfrýjendum.

## II.

Með vísan til forsendna héraðsdóms ber að staðfesta þá niðurstöðu hans að sýkna íslenska ríkið og Áburðarverksmiðjuna hf. af kröfum aðaláfrýjanda.

Eins og að framan er greint, var gagnáfrýjandi Þorsteinn dæmdur fyrir umboðssvik með fyrrgreindum dómi Hæstaréttar 2. apríl 1996, og ber að leggja niðurstöður þess dóms til grundvallar í máli þessu. Er ekkert fram komið, sem styður staðhæfingu hans um, að hann hafi keypt skuldabréfin með vitund og vilja stjórnar lífeyrissjóðsins. Er gagnáfrýjandi Þorsteinn því ábyrgur fyrir tjóni aðaláfrýjanda.

Gagnáfrýjandi Sveinn var með dómi Hæstaréttar 2. apríl 1996 dæmdur fyrir brot gegn 10. gr., sbr. 17. gr., laga nr. 67/1976 og 2. mgr. 3. gr., sbr. 6. gr., laga nr. 27/1991. Er gagnáfrýjandi Sveinn hóf störf 1976 við endurskoðun reikninga aðaláfrýjanda, hafði fé sjóðsins verið varið til skuldabréfakaupa af sjóðfélögum, auk, að því er virðist, kaupa á vísitölutryggðum greiðsluskuldbindingum ríkisins og stofnana þess. Frá 1. janúar 1993 starfaði lífeyrissjóðurinn samkvæmt

reglugerð, sem sett var á grundvelli laga nr. 55/1980 um starfskjör launafólks og skyldutryggingu lífeyrisréttinda. Í 6. gr. reglugerðar um lífeyrissjóðinn segir, að stjórn sjóðsins sjái um ávöxtun á fé hans, og skuli það gert meðal annars í skuldabréfum með veði í húseignum allt að 50% af brunabótamatsverði eða, sé ekki um brunabótamat að ræða, þá af matsverði, er ákveðið sé af tveimur mönnum, sem fjármálaráðherra tilnefnir. Tjón aðaláfrýjanda verður að langmestu leyti rakið til kaupa á skuldabréfum, tryggðum með veði í fasteignum á byggingarstigi. Af matsgerð dómkvaddra manna er ljóst, að skuldabréf þessi fullnægðu ekki fyrrgreindum skilyrðum 6. gr. reglugerðarinnar um veðhæfi. Í ársreikningum aðaláfrýjanda sést, að veruleg breyting hafði orðið á fjárfestingum aðaláfrýjanda í formi verðbréfakaupa milli árana 1992 og 1993. Í ársreikningi 1993 kemur fram í „Yfirliti yfir peningaflæði“ undir liðunum „Skuldabréfakaup“ og „Keypt bankabréf“, að þau kaup hafi aukist úr 5.010.000 krónum árið 1992 í 39.897.400 krónur árið 1993. Gagnáfrýjanda Sveini var kunnugt um þessi kaup, og kveðst hann hafa talið, að þau væru gerð með vitund og vilja stjórnar sjóðsins. Hann aflaði engra gagna um veðhæfi umræddra fasteigna og kveðst hafa stuðst við eigið mat, þegar hann mat veðsetningarnar við gerð ársreikningsins 1993. Gagnáfrýjandi Sveinn var í störfum sínum ábyrgur gagnvart sjóðfélögum aðaláfrýjanda. Honum bar að meta með viðhlítandi hætti verðgildi skuldabréfa, sem aðaláfrýjandi keypti af öðrum en sjóðfélögum, meðal annars með því að afla eftir þörfum gagna um veðhæfi. Þá bar honum jafnframt að kanna afstöðu stjórnar sjóðsins til þessara kaupa. Hann hefur því brugðist skyldum sínum gagnvart aðaláfrýjanda. Bótaábyrgð hans nær þó aðeins til þess tjóns, sem varð eftir 15. apríl 1994, en þann dag áritaði hann ársreikninginn 1993.

Í skýrslu aðaláfrýjanda, sem undirrituð er 7. júní 1994 og fylgdi ársreikningnum 1993, kemur fram, að á árinu hafi verið keypt verðbréf fyrir 50,8 milljónir króna, þar af „önnur skuldabréf“ fyrir 39,9 milljónir króna. Er fallist á það með héraðsdómi, að ársreikningurinn 1993 hafi gefið stjórn aðaláfrýjanda ríkt tilefni til frekari könnunar á skuldabréfakaupunum, en ósannað er, að stjórnin hafi fengið vitneskju um kaupin fyrir en á fundi 7. júní 1994, er ársreikningurinn var lagður fram.

## III.

Aðaláfrýjandi byggir kröfu sína á matsgerð dómkvaddra manna 18. febrúar 1997, eins og nánar er greint frá í héraðsdómi. Samkvæmt héraðsdómsstefnu, sem tekur mið af matsgerðinni, telur aðaláfrýjandi heildartjón sitt nema 79.347.643 krónum að meðtöldum dráttarvöxtum. Tjóninu er skipt niður á þrjú tímabil. Í fyrsta lagi er tjón vegna bréfa, keyptra fyrir 15. apríl 1994, 46.827.220 krónur með dráttarvöxtum, en 38.922.338 krónur án dráttarvaxta. Í öðru lagi er tjón vegna keyptra bréfa á tímabilinu 15. apríl til 1. júlí 1994 17.693.095 krónur með dráttarvöxtum, en 17.545.228 krónur án dráttarvaxta. Loks er tjón vegna bréfa, keyptra eftir 1. júlí 1994, 14.827.328 krónur. Án dráttarvaxta er því heildarfjárhæðin 71.294.894 krónur.

Við ákvörðun bóta til aðaláfrýjanda verður að miða að því að gera hann eins settan og ef bréf þessi hefðu ekki verið keypt. Ljóst er, að af fénu hefðu ekki fengist dráttarvextir, ef því hefði verið varið til kaupa á tryggum verðbréfum í stað þeirra skuldabréfa, sem raun varð á. Aðaláfrýjandi hefur ekki sýnt fram á, hversu háir vextir hefðu getað fengist af fénu með ávöxtun þess á annan hátt. Verður því að miða bætur við fyrrgreinda heildarfjárhæð án vaxta.

Samkvæmt gögnum, sem lögð hafa verið fyrir Hæstarétt, er fram komið, að tjón aðaláfrýjanda hefur reynst 3.182.254 krónum minna en greindi í matsgerð, og hefur aðaláfrýjandi lækkað kröfur sínar sem því nemur. Gegn mótmælum gagnáfrýjenda er ekki sýnt, að aðaláfrýjandi hafi í hvívetna beitt sér sem skyldi við að takmarka tjón sitt. Þykir því rétt að lækka bætur handa aðaláfrýjanda af þessum sökum og dæma þær að álitum, en hins vegar eru engin efni til að færa þær niður með vísan til 24. gr. skaðabótalaga nr. 50/1993. Eru þær hæfilega ákveðnar 55.000.000 krónur, sem gagnáfrýjandi Þorsteinn verður dæmdur til að greiða.

Við ákvörðun bóta úr hendi gagnáfrýjanda Sveins verður hins vegar að líta til þess, að ábyrgð hans takmarkast við tjón, sem aðaláfrýjandi varð fyrir vegna gerða gagnáfrýjanda Þorsteins á tímabilinu eftir 15. apríl 1994. Þegar það tjón er metið að álitum með sama hætti og hér að framan og tekið tillit til þeirrar stórfelldu vanrækslu, sem stjórn aðaláfrýjanda sýndi af sér við eftirlit með fjárreiðum lífeyrissjóðsins, þykja bætur úr hendi gagnáfrýjanda Sveins hæfilegar

4.000.000 króna, sem hann verður dæmdur til að greiða óskipt með gagnáfrýjanda Þorsteini. Verða dráttarvextir dæmdir af bótunum frá þingfestingardegi málsins í héraði, 8. apríl 1997, enda verður ekki ráðið af gögnum þess, að aðaláfrýjandi hafi fyrr en með héraðsdómsstefnu beint að gagnáfrýjendum greiðslukröfu á þeim grunni, sem málsóknin er reist á.

Dæma ber gagnáfrýjendur til að greiða aðaláfrýjanda málskostnað, eins og í dómsorði greinir, en að öðru leyti er rétt, að málskostnaður falli niður.

#### D ó m s o r ð :

Stefndu íslenska ríkið og Áburðarverksmiðjan hf. skulu vera sýkn af kröfum aðaláfrýjanda, Lífeyrissjóðs starfsmanna Áburðarverksmiðju ríkisins.

Gagnáfrýjandi Þorsteinn V. Þórðarson greiði aðaláfrýjanda 55.000.000 króna, þar af óskipt með gagnáfrýjanda Sveini Sæmundssyni 4.000.000 króna, með dráttarvöxtum samkvæmt III. kafla vaxtalaga nr. 25/1987 frá 8. apríl 1997 til greiðsludags.

Gagnáfrýjandi Þorsteinn greiði aðaláfrýjanda samtals 950.000 krónur í málskostnað í héraði og fyrir Hæstarétti, þar af óskipt með gagnáfrýjanda Sveini 250.000 krónur. Að öðru leyti fellur málskostnaður niður.

#### S é r a t k v æ ð i Hjartar Torfasonar

Ég er í meginatriðum samþykkur forsendum og niðurstöðu hins áfrýjanda dóms, þar á meðal um beitingu 24. gr. skaðabótalaga, og tel því, að staðfesta eigi dóminn. Málskostnaður fyrir Hæstarétti á að falla niður.

#### **Dómur Héraðsdóms Reykjavíkur 12. desember 1997.**

Mál þetta, sem dómtekið var 14. nóvember 1997, er höfðað með stefnu, þingfestri 8. apríl 1997.

Stefnandi er Lífeyrissjóður starfsmanna Áburðarverksmiðju ríkisins, kt. 430269-1449, Gufunesi í Reykjavík.

Stefndu eru landbúnaðarráðherra f. h. Áburðarverksmiðju ríkisins, kt. 680569-0109, fjármálaráðherra f. h. ríkissjóðs, kt. 540269-6459, Áburðarverksmiðjan hf., kt. 680569-0109, Gufunesi í Reykjavík, Þorsteinn V. Þórðarson, kt. 060843-4819, Fannafold 21, Reykjavík, og Sveinn Sæmundsson, kt. 221139-3729, Hverafold 33, Reykjavík.

Dómkröfur stefnanda eru eftirfarandi:

Aðallega:

1. Að stefndu, landbúnaðarráðherra f. h. Áburðarverksmiðju ríkisins, fjármálaráðherra f. h. ríkissjóðs, Þorsteinn V. Þórðarson og Sveinn Sæmundsson, verði allir dæmdir in solidum til greiðslu 65.725.475 kr., með dráttarvöxtum og vaxtavöxtum samkvæmt III. kafla vaxtalaga nr. 25/1987 af 182.000 kr. frá 4. maí 1993 til 1. júní s. á., frá þ. d. af 566.000 kr. til 25. júní s. á., frá þ. d. af 652.700 kr. til 1. júlí s. á., frá þ. d. af 705.160 kr. til 8. desember s. á., frá þ. d. af 1.205.160 kr. til 21. október 1994, frá þ. d. af 2.690.575 kr. til 20. desember s. á., frá þ. d. af 4.884.668 kr. til 14. mars 1995, frá þ. d. af 30.233.622 kr. til 6. maí s. á., frá þ. d. af 32.251.794 kr. til 13. júlí s. á., frá þ. d. af 33.202.930 kr. til 7. mars 1996, frá þ. d. af 35.296.209 kr. til 23. apríl s. á., frá þ. d. af 36.502.599 kr. til 18. febrúar 1997, en frá þ. d. af 57.672.726 kr. til greiðsludags.

2. Að stefndu Áburðarverksmiðjan hf., Þorsteinn V. Þórðarson og Sveinn Sæmundsson verði allir dæmdir in solidum til greiðslu 14.827.328 kr. með dráttarvöxtum og vaxtavöxtum samkvæmt III. kafla vaxtalaga nr. 25/1987 frá 14. mars 1995 til greiðsludags.

Varakrafa:

1. Að stefndu landbúnaðarráðherra f. h. Áburðarverksmiðju ríkisins, fjármálaráðherra f. h. ríkissjóðs og Þorsteinn V. Þórðarson verði allir dæmdir in solidum til greiðslu 48.032.380 kr. með dráttarvöxtum og vaxtavöxtum samkvæmt III. kafla vaxtalaga nr. 25/1987 af 182.000 kr. frá 4. maí 1993 til 1. júní s. á., frá þ. d. af 566.000 kr. til 25. júní s. á., frá þ. d. af 652.700 kr. til 1. júlí s. á., frá þ. d. af 705.160 kr. til 8. desember s. á., frá þ. d. af 1.205.160 kr. til 21. október 1994, frá þ. d. af 2.690.575 kr. til 20. desember s. á., frá þ. d. af 4.884.668 kr. til 14. mars 1995, frá þ. d. af 16.864.092 kr. til 7. mars 1996, frá þ. d. af 18.957.371 kr. til 18. febrúar 1997 og frá þ. d. af 40.127.498 kr. til greiðsludags.

2. Að stefndu, landbúnaðarráðherra f. h. Áburðarverksmiðju ríkisins, fjármálaráðherra f. h. ríkissjóðs, Þorsteinn V. Þórðarson og Sveinn Sæmundsson, verði allir dæmdir in solidum til greiðslu 17.693.095 kr. með dráttarvöxtum og vaxtavöxtum samkvæmt III. kafla vaxtalaga nr. 25/1987 af 13.369.530 kr. frá 14. mars 1995 til 6. 5. s. á., frá þ. d. af 15.387.702 kr. til 13.

júlí s. á., frá þ. d. af 16.338.838 kr. til 23. apríl 1996 og frá þ. d. af 17.545.228 kr. til greiðsludags.

3. Að stefndu Áburðarverksmiðjan hf., Þorsteinn V. Þórðarson og Sveinn Sæmundsson verði allir dæmdir in solidum til greiðslu 14.827.328 kr. með dráttarvöxtum og vaxtavöxtum samkvæmt III. kafla vaxtalaga nr. 25/1987 frá 14. mars 1995 til greiðsludags.

Með öllum aðal- og varakröfum er krafist málskostnaðar, þ. m. t. matskostnaðar, allt skv. fram lögðum málskostnaðarreikningi, og þess, að málskostnaður beri dráttarvexti skv. III. kafla vaxtalaga nr. 25/1987 frá 15. degi eftir dómsuppsögu til greiðsludags.

Dómkröfur stefndu landbúnaðarráðherra f. h. Áburðarverksmiðju ríkisins og fjármálaráðherra f. h. ríkissjóðs eru þær aðallega, að stefndu verði sýknaðir af öllum kröfum stefnanda og þeim dæmdur málskostnaður úr hendi stefnanda að mati dómsins.

Til vara er krafist verulegrar lækkunar stefnufjárhæðar, og verði þá málskostnaður látinn niður falla.

Dómkröfur stefnda Áburðarverksmiðjunnar hf. eru þær aðallega, að stefndi verði sýknaður af öllum kröfum stefnanda og honum dæmdur málskostnaður úr hendi stefnanda samkvæmt síðar fram lögðum málskostnaðarreikningi eftir mati dómsins. Til vara er gerð sú krafa, að stefnufjárhæð verði lækkuð verulega, og verði málskostnaður þá látinn falla niður gagnvart stefnda.

Dómkröfur stefnda Sveins Sæmundssonar eru þær, að hann verði alsýknaður af öllum kröfum stefnanda og honum dæmdur málskostnaður úr hendi stefnanda samkvæmt fram lögðum reikningi eða mati dómsins án virðisaukaskatts.

Dómkröfur stefnda Þorsteins V. Þórðarsonar eru þær, að hann verði sýknaður af öllum kröfum stefnanda og honum dæmdur málskostnaður úr hendi stefnanda.

## I.

### *Málavextir.*

16. mars 1960 hófst söfnun iðgjalda af starfsmönnum Áburðarverksmiðju ríkisins, en lífeyrissjóður starfsmanna verksmiðjunnar var formlega stofnaður 3. október 1961. Hætt var að taka við iðgjöldum starfsmanna 31. desember 1992.

Stefndi Þorsteinn hóf störf hjá Áburðarverksmiðju ríkisins árið 1965 og annaðist reikningshald lífeyrissjóðsins frá árinu 1970. Var hann kjörinn varamaður í stjórn sjóðsins 4. mars 1974 fyrir hönd sjóðfélaga og aðalmaður

28. maí 1982. Frá árinu 1973 var stefndi umsjónarmaður lífeyrissjóðsins. Til að tryggja betri ávöxtun sjóðsins en verið hafði keypti stefndi á tímabilinu frá apríl 1993 til september 1994 skuldabréf á almennum markaði, að nafnverði 100.587.872 kr., fyrir samtals 91.794.660 kr., sem að verulegu leyti voru gefin út af hálfu byggingarverktaka. Meðal þessara bréfa voru níu, sem tryggð voru með veði í Berjaríma 20–28, Reykjavík, samtals að nafnverði 32.500.000 kr., sem stefndi keypti með 30.169.160 kr., og tuttugu með veði í Skipholti 50d, Reykjavík, að nafnverði samtals 42.400.000 kr., sem keypt voru á 38.866.000 kr. Stefnda var vikið fyrirvaralaust frá störfum með bréfi stjórnar Áburðarverksmiðju ríkisins hf., dagsettu 1. nóvember 1994.

Stefndi Sveinn var ráðinn sem endurskoðandi stefnanda árið 1976 og sá um þann starfa upp frá því, allt þar til hann lét þar af störfum síðla árs 1994.

Með bréfi, dagsettu 26. október 1994, óskaði stjórn lífeyrissjóðsins eftir opinberri rannsókn á skuldabréfakaupum sjóðsins undanfarin misseri. Með ákæru ríkissaksóknara, dagsettri 20. júní 1995, var höfðað opinbert mál á hendur stefndu Þorsteini og Sveini ásamt nafngreindum manni. Samkvæmt dómi Hæstaréttar 2. apríl 1996 var stefndi Þorsteinn meðal annars sakfelldur fyrir umboðssvik samkvæmt 249. gr. almennra hegningarlaga með því að hafa án þess að afla gagna um veðhæfi hinna veðsettu eigna og upplýsinga um skuldara bréfanna og brjóta þannig gegn ákvæðum reglugerðar lífeyrissjóðsins, staðfestri af fjármálaráðuneyti 4. janúar 1993, með umræddum kaupum á veðskuldabréfum stefnt með meginhluta kaupanna fé sjóðsins í stórfellda hættu. Þá var stefndi Sveinn sakfelldur með sama dómi fyrir brot gegn 10. gr., sbr. 17. gr. laga nr. 67/1976 um löggilta endurskoðendur og 2. mgr. 3. gr., sbr. 6. gr. laga um ársreikninga og endurskoðun lífeyrissjóða nr. 27/1991, sbr. 138. gr. almennra hegningarlaga, með því að hafa ekki gert fyrirvara um áður nefnd skuldabréfakaup með áritun á ársreikninga fyrir rekstrarárið 1993 eða á videigandi hátt í skýringum með þeim.

Með lögum nr. 89/1994 var ríkisstjórninni veitt heimild til stofnunar hlutafélags um rekstur Áburðarverksmiðju ríkisins, sem heita skyldi Áburðarverksmiðjan hf. og leggja til félagsins verksmiðjuna sjálfa ásamt öllu fylgifé. Tók hið nýja hlutafélag til starfa 1. júlí 1994 og tók um leið við skyldum Áburðarverksmiðju ríkisins gagnvart lífeyrissjóðnum. Fór hluti framangreindra skuldabréfakaupa fram, eftir að hlutafélagið tók við rekstri verksmiðjunnar.

*Málsástæður og lagarök stefnanda.*

Stefndi Áburðarverksmiðja ríkisins.

Sjálfstæð skaðabótaábyrgð.

Bótaskyldu stefnda Áburðarverksmiðju ríkisins reisir stefnandi á því, að stefndi hafi frá upphafi vega haft á hendi vörslu allra fjármuna stefnanda og síðar staðfest með sérstöku loforði í 2. mgr. 5. gr. reglugerðar stefnanda að annast um fjárreiður stefnanda í samræmi við önnur ákvæði reglugerðarinnar og landslög. Þetta loforð hafi stefndi vanefnt með þeim afleiðingum, að stefnandi hafi orðið fyrir tjóni, sem bótaskyldt sé eftir hinni almennu skaðabótareglu.

Frá stofnun Lífeyrissjóðs starfsmanna Áburðarverksmiðju ríkisins hafi falist loforð stefnda um að annast reikningshald fyrir stefnanda skv. 2. mgr. 5. gr. reglugerðar hans með því að annast um innheimtu iðgjalda, þ. e. mótöku greiðslna og varðveislu þeirra. Jafnframt hafi stefndi átt að sjá um greiðslu lífeyris, gerð ársreiknings, skýrslur til bankaeftirlits Seðlabanka Íslands, færslu og eftirlit með bókhaldi og endurskoðun löggilts endurskoðanda. Á sama hátt skyldi stefndi annast kaup verðbréfa að meginstefnu til og algerlega eftir 65. stjórnarfund 17. desember 1986, en þá hafi verið tekin síðasta formlega ákvörðunin um einstakar fjárfestingar í stjórn lífeyrissjóðsins. Eftir þann tíma hafi stjórnin einungis fjallað um gerð fastra kaupsamninga við Húsnaðisstofnun ríkisins og veitingu lána til sjóðfélaga.

Því er fram haldið, að þeim fjármunum, sem stefndi tók við skv. fyrrgreindu loforði, hafi hann glatað í meðförum sínum eða manna, sem hann fól meðferð þeirra og hann beri ábyrgð á. Stefndi standi til ábyrgðar vegna vanefnda sinna og afleiðinga þeirra, sem sé tap stefnanda upp á a. m. k. 79.347.642 kr. Vegna þessa hafi stefnandi ekki getað staðið við lífeyris-skuldbindingar sínar, sem hafi verið skertar af þessum sökum um 15%.

Á það er einnig bent, að jafnvel þótt ekki væri til að dreifa sjálfstæðri skaðabótaskyldu stefnda skv. ofanrituðu, beri stefndi engu að síður hús-bónðaábyrgð eftir almennum reglum þar um á saknæmum og ólögmætum athöfnum starfsmanns síns, Þorsteins V. Þórðarsonar, sem hafi með saknæmum og ólögmætum hætti valdið stefnanda tjóni við framkvæmd þess starfs, sem stefndi fól honum með vísan til 2. mgr. 5. gr. reglugerðar stefnanda. Beri stefndi jafnframt hús-bónðaábyrgð eftir almennum reglum á saknæmum og ólögmætum athöfnum og athafnaleysi hins löggilta endurskoðanda, stefnda Sveins Sæmundssonar.

Húsbónndaábyrgð á störfum stefnda Þorsteins.

Stefndi Þorsteinn hafi annast reikningshald lífeyrissjóðsins skv. 2. mgr. 5. gr. reglugerðar hans. Hafi hann gert það frá árinu 1970, en þó þannig, að aðrir starfsmenn stefnda hafi annast hluta þess, þar á meðal færslu bókhalds eftir fyrirmælum hans. Þetta starf hafi stefndi Þorsteinn annast samhliða því að gegna starfi sölustjóra verksmiðjunnar og þetta verið hluti aðalstarfs hans. Hafi honum borið að sinna þessum starfa í samræmi við reglugerð lífeyrissjóðsins og landslög. Í því skyni hafi hann fengið prókúru fyrir sjóðinn með formlegum hætti árið 1973. Starf stefnda Þorsteins og aðstoðarmanna hans hafi verið hluti af heildarstarfsemi stefnda Áburðarverksmiðju ríkisins og unnið skv. sérstöku loforði við stefnanda, sem birtist í 2. mgr. 5. gr. reglugerðar hans.

Stefndi Þorsteinn hafi ekki annast reikningshaldið sem stjórnarmaður lífeyrissjóðsins, heldur sem starfsmaður stefnda Áburðarverksmiðju ríkisins. Hann hafi tekið við starfinu og sinnt því fyrir hönd vinnuveitanda síns allt frá árinu 1970, en sæti í stjórn lífeyrissjóðsins sem varamaður hafi hann ekki tekið fyrr en árið 1973, og sem aðalmaður hafi hann ekki tekið sæti þar fyrr en 28. maí 1982, tólf árum eftir að hann tók við reikningshaldi hans og níu árum eftir að hann fékk formlega prókúru fyrir sjóðinn.

Stefnandi hafi ekki greitt stefnda Þorsteini laun eða aðra umbun fyrir starfann, og þá hafi stefnandi ekki haft húsbóndavald yfir starfi hans og engar heimildir til afskipta af því. Það vald hafi stefndi Áburðarverksmiðja ríkisins haft.

Stefndi Þorsteinn hafi valdið tjóninu sem launþegi stefnda Áburðarverksmiðju ríkisins og verið undir boðvaldi hennar. Honum hafi borið að vinna verkið með persónulegu vinnuframlagi sínu og ekki getað sett aðra starfsmenn í sinn stað. Stefndi Áburðarverksmiðja ríkisins hafi lagt til nauðsynlegt aðstoðarfólk, sem hafi unnið á kostnað stefnda, en undir stjórn stefnda Þorsteins.

Stefnda Áburðarverksmiðju ríkisins hafi borið að hafa eftirlit með störfum meðstefnda Þorsteins. Hafi stefndi haft rétt og skyldu til þess að segja meðstefnda Þorsteini fyrir um framkvæmd þeirra og segja honum upp því starfi, sem hann gegndi við umsjón og reikningshald fyrir stefnanda. Þeim rétti hafi stefndi beitt, en vegna hins saknæma og ólögmdæta atferlis við framkvæmd launaðs starfs síns í þágu verksmiðjunnar hafi meðstefnda Þorsteini verið sagt upp fyrirvara- og bótaílaust 1. nóvember 1994.

Stefndi Áburðarverksmiðja ríkisins hafi tekið að sér umfangs- og ábyrgðarmikið starf, en brúttóeign stefnanda hafi numið í árslok 1993 479.287.715 kr. Hafi það því staðið nærri stefnda að tryggja starfsemi sína með tilliti til

þess, að vanræksla, mistök eða misferli gætu leitt til þess, að stór hópur manna, núverandi og fyrrverandi starfsmenn verksmiðjunnar, yrðu fyrir tjóni. Það hafi hann ekki gert, og auki það ábyrgð stefnda í þessu máli.

Samkvæmt framansögðu er því talið, að stefnda Áburðarverksmiðju ríkisins hafi borið að fylgjast með störfum stefnda Þorsteins og fylgjast með útborgunum og rekstri sjóðsins dag frá degi. Á það er og bent, að koma hefði mátt í veg fyrir hluta tjónsins, ef stefndi hefði sinnt eftirliti með störfum stefnda Þorsteins, þannig, að ekki hefðu verið færðar í fjárhagsbókhald lífeyrissjóðsins, verðbréfakerfi hans og ársreikning rangar og villandi færslur. Færslur þessar séu brot á reglugerð lífeyrissjóðsins, 5. gr. laga nr. 51/1968 um bókhald, 1. gr. 1. nr. 27/1991 um ársreikninga og endurskoðun lífeyrissjóða og í andstöðu við reglur Seðlabanka Íslands frá 30. desember 1991 um gerð ársreiknings lífeyrissjóða. Stefnda Áburðarverksmiðju ríkisins hafi borið að annast um færslu bókhaldsins í samræmi við framangreindar heimildir sem hluta þess að annast reikningshald sjóðsins, sbr. 2. mgr. 5. gr. reglugerðar stefnanda. Vanræksla stefnda í þessu efni hafi komið í veg fyrir, að stefnandi gæti takmarkað tjón sitt þegar við fyrstu ólögmætu kaup meðstefnda Þorsteins og orðið til þess, að meðstefndi Þorsteinn hafi haldið hinum ólögmætu kaupum áfram eftir stofnun Áburðarverksmiðjunnar hf. og yfirtöku hennar á réttindum og skyldum Áburðarverksmiðju ríkisins 1. júlí 1994.

Húsbónndaábyrgð á störfum stefnda Sveins.

Samkvæmt 2. mgr. 5. gr. reglugerðar lífeyrissjóðsins hafi stefndi Sveinn tekið að sér að annast endurskoðun lífeyrissjóðsins og hafa eftirlit með fjárreiðum hans sem hluta þess að annast reikningshald hans að öðru leyti. Hafi þessari endurskoðun verið áfátt í verulegum atriðum.

Stefndi Áburðarverksmiðja ríkisins hafi upphaflega árið 1961 samið við sinn eigin endurskoðanda, Svavar Pálsson, um endurskoðun reikninga stefnanda. Síðar muni Atli Hauksson, löggiltur endurskoðandi, hafa tekið við og loks stefndi Sveinn. Stefnandi hafi aldrei fjallað um ráðningu þessara endurskoðanda né heldur greitt þeim nokkra þóknun. Hafi val og ráðning algerlega verið á valdi stefnda Áburðarverksmiðju ríkisins. Hafi stefndi jafnframt haft rétt til þess að segja viðkomandi upp samningi, ráða samningskjörum hans og haft rétt og skyldu til þess að setja kröfur um faglegt hæfi. Starf stefnda Sveins hafi verið hluti af heildarstarfsemi stefnda Áburðarverksmiðju ríkisins og unnið skv. sérstöku loforði við stefnanda, sem birst hafi í 2. mgr. 5. gr. reglugerðar hans.

Stefndi Sveinn hafi ekki haft starfsábyrgðartryggingu í gildi og stefndi

Áburðarverksmiðja ríkisins ekki gert kröfu þar um. Um mikilsverða hagsmuni hafi verið að ræða fyrir stefnanda og alla starfsmenn verksmiðjunnar. Hafi það staðið stefnda Áburðarverksmiðju ríkisins næst að gera kröfu um slíka tryggingu af hálfu stefnda Sveins, aðallega, þar sem stefndi hafi ráðið hann og launað, án afskipta stefnanda, en einnig vegna þeirrar miklu ábyrgðar, sem stefndi hafi tekið að sér með ákvæði 2. mgr. 5. gr. reglugerðar lífeyrissjóðsins. Stefndi Áburðarverksmiðja ríkisins hafi falið stefnda Sveini eftirlitsskyldu og ábyrgð skv. fyrrgreindu ákvæði fyrir sína hönd, en engar kröfur um tryggingar gert af hans hálfu. Hafi stefndi Sveinn þegar verið dæmdur til refsingar fyrir vanrækslu sína og líklegt, að hann geti ekki greitt dómkröfur stefnanda. Þrátt fyrir það hafi stefndi neitað skaðabóta-ábyrgð vegna mistaka og vanrækslu endurskoðandans.

Skaðabótaábyrgð stefnda Þorsteins V. Þórðarsonar.

Á hendur stefnda Þorsteini er mál þetta höfðað á þeim grundvelli, að hann hafi án heimildar eða vitundar stefnanda keypt þau skuldabréf, sem áður greinir, og áskilið sér hluta kaupverðs þeirra. Hafi hann með þeim hætti og á saknæman og ólögmetan hátt valdið stefnanda bótaskyldu tjóni. Bréfin hafi stefndi Þorsteinn keypt, án þess að fram færi mat á veðþoli fasteigna, sem settar voru að veði. Hafi hann vitað, að kaup bréfanna voru andstæð ákvæðum 1. tl. 6. gr. reglugerðar lífeyrissjóðsins, og vitað eða mátt vita, að veðþol eignanna var ekki nægilegt.

Pá hafi stefndi leynt óheimilum verðbréfakaupum ársins 1993 af ásetningi og með ólögmetum hætti, í fyrsta lagi með því að færa kaup þeirra undir kaup á skuldabréfum opinberra sjóða og fleiri í fjárhagsbókhaldi sjóðsins og leyna með því uppruna bréfanna, sem voru bréf keypt af fyrirtækjum, í öðru lagi með því að láta færa þau í verðbréfakerfi lífeyrissjóðsins sem bankabréf o. fl. og með því á sama hátt að leyna uppruna þeirra, í þriðja lagi með því að færa þau á ársreikning sjóðsins með röngum og villandi hætti sem bankabréf o. fl., í fjórða lagi með því að skilgreina skuldabréfin sem keypt bankabréf í yfirliti um peningaflæði 1993, sem sé hluti ársreiknings 1993.

Skírskotað er til þess, að skv. 5. gr. laga nr. 51/1968 um bókhald beri að haga bókhaldi þannig, að það gefi svo vel sundurliðaðar upplýsingar um efnahag sjóðsins, að það eitt og sér geti veitt sjóðstjórn og hinu opinbera þær upplýsingar, sem krafist er. Bókhaldinu hafi verið þannig hagað, að ekki hafi verið samræmi á milli bókhalds, efnahagsreiknings og yfirlits um peningaflæði í ársreikningi og bókhaldið þannig til þess fallið að villa um fyrir stefnanda og leyna athöfnum stefnda.

Jafnframt er til þess vísað, að skv. 1. gr. 1. nr. 27/1991 um ársreikninga og

endurskoðun lífeyrissjóða skuli semja ársreikning í samræmi við reglur Seðlabanka Íslands. Þessar reglur hafi verið settar 30. desember 1991 og gilt í fyrsta sinn um ársreikning 1991. Samkvæmt 2. gr. laganna sé birt með reglunum sem fylgiskjal nr. 1 fyrirmynd ársreiknings. Ársreikningur stefnanda fyrir árið 1993 hafi ekki verið færður í samræmi við ofangreindar reglur, sem geri ráð fyrir nákvæmri sundurliðun milli skuldabréfa með ríkis- eða bankaábyrgð, sjóðfélagabréfa og annarra skuldabréfa. Ársreikningurinn sé þannig fallinn til þess að villa um fyrir stefnanda og leyndu athöfnum stefnda.

Stefndi Þorsteinn hafi áskilið sér án heimildar og með ólögætum hætti persónulegan ávinning af kaupum verðbréfanna, samtals að fjárhæð 2.308.889 kr. Hafi þannig verið frá gengið, að stefndi hafi skrifað tékka út af reikningum lífeyrissjóðsins í tengslum við kaupin. Hluti tékkanna hafi gengið til seljenda eða umboðsmanns þeirra, Þorláks Einarssonar, en hluta hafi stefndi framselt sjálfur og lagt inn á persónulega reikninga sína og dregið sér með þeim hætti fé úr hendi stefnanda. Hafi tékkar þessir verið færðir sem hluti kaupverðs bréfanna og afdrifum peninganna leynt í bókhaldi lífeyrissjóðsins. Var stefndi Þorsteinn dæmdur til refsingar fyrir athæfi sitt með dómi Hæstaréttar 2. apríl 1996.

Samkvæmt framansögðu er sýnt fram á, að stefndi Þorsteinn hafi með saknæmum og ólögætum hætti valdið stefnanda tjóni, sem bótaskyld sé skv. almennum og sérstökum reglum skaðabótaréttarins.

Skaðabótaábyrgð stefnda Sveins Sæmundssonar.

Skaðabótaábyrgð stefnda Sveins Sæmundssonar veldur því, að koma hefði mátt í veg fyrir tjón stefnanda vegna verðbréfakaupa stefnda Þorsteins og fjárdráttar hans og skilasvika (sic).

Aðalkrafa stefnanda er á því reist, að stefndi Sveinn beri óskipta ábyrgð með meðstefndu á öllu tjóni stefnanda. Varakrafan er hins vegar studd því, að stefndi beri einungis ábyrgð á því tjóni, sem orðið hafi vegna skuldabréfa, er stefndi Þorsteinn keypti eftir athugasemdalaus áritun stefnda á ársreikning 1993, en sú áritun hafi verið gerð 15. apríl 1994. Hefði bókhald stefnanda og síðar ársreikningur hans verið endurskoðaður í samræmi við góða endurskoðunarvenju og við lög nr. 27/1991 og lög nr. 51/1968 og hefði stefnda Áburðarverksmiðju ríkisins og/eða bankaeftirliti Seðlabanka Íslands verið gert viðvart, þegar stefnda Sveini hafi orðið ljóst, að stefndi Þorsteinn hafði gert ráðstafanir með fjármuni lífeyrissjóðsins, sem ekki samrýmdust reglugerð hans, hefði a. m. k. mátt koma í veg fyrir það tjón, sem leitt hafi af ólögætum kaupum veðskuldabréfa eftir 15. apríl 1994.

Á því er byggt, að árið 1992 hafi stefndi Sveinn gefið stefnda Þorsteini leiðbeiningar um uppsetningu á verðbréfaeign stefnanda, þannig, að auðvelda átti gerð ársreiknings og skýrslu til bankaeftirlitsins. Þessar leiðbeiningar stefnda Sveins hafi ekki verið í samræmi við „Reglur um ársreikninga lífeyrissjóða“ frá 30. desember 1991, sbr. fylgiskjal 1 með þeim reglum.

Samkvæmt leiðbeiningum stefnda Sveins um flokkun í verðbréfafakerfi stefnanda eru öll skuldabréf, önnur en sjóðfélagaþríf, húsbref og skuldabréf opinberra sjóða, felld undir liðinn „Skuldabréf banka o. fl.“. Samkvæmt reglum Seðlabanka Íslands beri að skilja á milli bréfa með ríkisábyrgð, bankaábyrgð, sjóðfélagaþríf, annarra markaðsskuldabréfa og loks annarra skuldabréfa í ársreikningum lífeyrissjóða. Uppsetning ársreiknings 1993 sé og ekki í samræmi við framangreindar reglur Seðlabanka Íslands, og stefndi Sveinn hafi ekki gert athugasemdir í áritun sinni þar um eða óskað eftir því, að leiðrétting yrði gerð þar á. Í ársreikningi 1993 séu hin umdeildu verðbréf færð ranglega undir liðinn „Bankabréf o. fl.“ og í yfirliti um peningaflæði 1993 sem „Keypt bankabréf“.

Í bréfi stefnda Sveins frá 17. nóvember 1994 komi fram, að honum hafi verið ljóst, um hvers konar bréf var að ræða og hvernig þau höfðu verið færð í ársreikning, sundurliðun og verðbréfafakerfi stefnanda. Einnig fáist full sönnun þeirrar vitneskju, þegar litið sé til skýrslu lífeyrissjóðsins til bankaeftirlits Seðlabanka Íslands, þar sem bréf þessi séu flokkuð sem bréf keypt af fyrirtækjum. Skýrsla þessi hafi verið tölulega fram sett af stefnda Sveini, en ekki lögð fram í stjórn lífeyrissjóðsins, en hvergi sé ætlast til, að svo sé gert. Jafnframt fylgi hún ársreikningi lífeyrissjóðsins til bankaeftirlitsins og eigi að endurspeglar sundurliðun og niðurstöðu ársreiknings, en það geri hún ekki.

Í tölulíð 2 á bls. 4 í sama bréfi stefnda Sveins komi fram, að stefndi hafi gefið sér, án þess að kanna sannleiksgildi þess, að stefndi Þorsteinn hefði keypt hin umdeildu skuldabréf með heimild stjórnar lífeyrissjóðsins. Slíka heimild hafi stefndi Þorsteinn ekki haft og hefði stefndi Sveinn getað fengið það staðfest með lítilli eða engri fyrirhöfn.

Engin gögn um veðhæfi fasteigna þeirra, sem veðbréf voru keypt í, hafi fylgt bókhaldi sjóðsins, og engin krafa um þau eða nokkur endurskoðun þar að lútandi hafi farið fram af hálfu stefnda Sveins.

Samkvæmt framansögðu hafi ársreikningur Lífeyrissjóðs starfsmanna Áburðarverksmiðju ríkisins 1993 ekki gefið glögga mynd af starfsemi sjóðsins og efnahag hans þrátt fyrir áritun stefnda Sveins þar um. Upplýsingar þær, sem hann hafi veitt, hafi hvorki verið áreiðanlegar né rökstuddar. Hvorki hafi verið fylgt ákvæðum laga, reglna né samþykktu um meðferð,

ráðstöfun og ávöxtun fjármuna stefnanda. Hafi endurskoðunin því verið andstæð ákvæðum 1. mgr. 3. gr. laga nr. 27/1991 og ársreikningurinn andstæður 1. mgr. 1. gr. s. l., sbr. 5. gr. laga nr. 51/1968 um bókhald. Skv. 3. gr., 5. mgr., laga nr. 27/1991 hafi stefnda Sveini borið að geta þess í áritun sinni, að í ársreikningi væru ekki réttar upplýsingar um verðbréfaeign lífeyrissjóðsins. Hafi honum borið að veita viðbótarupplýsingar jafnframt því, sem honum hafi borið skv. 3. gr., 6. mgr., s. l. að gera tillögur til stjórnar um endurbætur á meðferð fjármuna, þannig, að hún væri í samræmi við reglugerð sjóðsins og að minnsta kosti, að samræmi væri milli raunverulegrar skuldbréfaeignar, færslu í verðbréfakerfi sjóðsins, ársreiknings og skýrslu til bankaeftirlits Seðlabanka Íslands.

Í bréfi stefnda frá 17. nóvember 1994 komi fram, að hann hafi boðið stefnda Þorsteini, að hann skyldi sækja stjórnarfund, þar sem ársreikningur væri tekinn fyrir, en þau boð væntanlega ekki borist stjórninni. Samkvæmt 7. mgr. 3. gr. laga nr. 27/1991 hafi stefndi átt rétt á að sitja stjórnarfund, þegar fjallað var um ársreikning 1993. Þann rétt hafi hann ekki nýtt sér, þrátt fyrir það að við endurskoðun hafi komið fram, að stefndi Þorsteinn hafi farið með fjármuni sjóðsins í andstöðu við reglugerð og stillt upp ársreikningi og öðrum gögnum með þeim hætti, að hvorki samrýmist reglugerð sjóðsins né reglum Seðlabanka Íslands. Stefndi hafi hins vegar kosið að leggja blessun sína yfir störf stefnda Þorsteins með athugasemdalausri áritun með þeirri órökstuddu og óáreiðanlegu skoðun, að athafnir stefnda Þorsteins hlytu að vera með vilja og vitund stjórnar Lífeyrissjóðs starfsmanna Áburðarverksmiðju ríkisins.

Stefnda hafi borið þegar við endurskoðun ársreiknings 1993 í upphafi árs 1994 að gera Áburðarverksmiðjunni, stjórn lífeyrissjóðsins og bankaeftirliti Seðlabanka Íslands viðvart um framangreinda þætti, sem honum hafi þá verið kunnir. Vísist hér um til 1. mgr. 4. gr. laga nr. 27/1991. Hefði sú tilkynning verið efnislega samhljóða tilkynningu hans 26. október 1994, sem hann hafi sent, eftir að honum hafi orðið ljóst, að stefndi Þorsteinn hafði ekki leitað samþykkis stjórnar lífeyrissjóðsins til þeirra ráðstafana, sem voru andstæðar reglugerð sjóðsins. Og jafnvel þótt hann hefði talið, að umdeildar athafnir stefnda Þorsteins væru með samþykki stjórnar lífeyrissjóðsins, hafi honum engu að síður borið að tilkynna bankaeftirliti Seðlabanka Íslands þá ágalla, sem hann hafi séð, að gætu skaðað fjárhag lífeyrissjóðsins eða væru ekki í samræmi við reglugerð hans.

Er ljóst skv. framansögðu, að stefndi hefur bakað stefnanda tjón með framangreindum hætti, sem bótaskyld sé að lögum með vísan til almennra og sérstakra reglna skaðabótaréttarins.

Skaðabótaábyrgð stefnda Áburðarverksmiðjunnar hf.

Bótaskylda stefnda Áburðarverksmiðjunnar hf. sé studd sömu málsástæðum og bótaskylda stefnda Áburðarverksmiðju ríkisins, að því er varðar tímabilið eftir 1. júlí 1994, en þann dag hafi Áburðarverksmiðjan hf. tekið til starfa. Stefndi Þorsteinn hafi verið starfsmaður verksmiðjunnar og sinnt starfi sínu óbreyttu, eins og áður hafi verið lýst. Sé bótaábyrgðin því aðallega studd samkomulagi verksmiðjunnar og stefnanda, sem birtist í 2. mgr. 5. gr. reglugerðar lífeyrissjóðsins, og á húsbóndaábyrgð stefnda Áburðarverksmiðjunnar hf. vegna hinna ólögmatu kaupa, sem gerð hafi verið eftir 1. júlí 1994. Jafnframt sé á það bent, að þau kaup hafi dulist í bókhaldi stefnanda, sem stefnda hafi borið að annast og hafa eftirlit með, m. a. með aðstoð og skv. ráðleggingum stefnda Sveins, sem hún hafi ráðið og kostað til starfsins.

Tjón stefnanda.

Matsgjörð og sundurliðun tjóns.

Með beiðni, dagsettri 14. júlí 1995, hafi verið óskað eftir mati dómkvaddra matsmanna á tjóni stefnanda. Óskað hafi verið álits matsmanna á því í fyrsta lagi, hvort hin tilgreindu veðskuldabréf, sem stefndi Þorsteinn hafði keypt, hefðu hvílt við kaup þeirra innan 50% af brunabótamati viðkomandi fasteigna, í öðru lagi, hvort í þeim tilvikum, þar sem brunabótamat var ekki til eða lá ekki fyrir, hafi þau veðskuldabréf hvílt við kaup þeirra innan 50% af verðmæti þeirra á því stigi, sem veðin voru, þegar kaupin gerðust, og loks í þriðja lagi, hvert sé eða hvert megi ætla, að verði tap stefnanda vegna einstakra veðskuldabréfa, sem keypt hafi verið andstætt reglugerð stefnanda.

Matsgjörð hafi legið fyrir 10. mars 1997. Samkvæmt henni hafi ekkert þeirra skuldabréfa, sem stefndi Þorsteinn keypti, legið innan 50% af brunabótamati viðkomandi eigna eða innan 50% af verðmæti, þar sem brunabótamat lá ekki fyrir. Heildartjón stefnanda hafi verið metið 79.347.643 kr. Um forsendur og niðurstöðu matsmanna er vísað til matsgjörðar, og skoðist hún í heild sinni sem hluti málsástæðna stefnanda og hluti málavaxtalýsingar, eftir því sem við eigi.

Fyrsti aðalkröfuliður taki til alls tjóns stefnanda vegna keyptrra verðbréfa o. fl. fyrir yfirtöku Áburðarverksmiðjunnar hf. á reikningshaldi stefnanda 1. júlí 1994, sbr. kafla C. 2, C. 3 og C. 5 hér á eftir. Annar aðalkröfuliður taki til tjóns vegna keyptrra verðbréfa eftir 1. júlí 1994, sbr. kafla C. 4.

Varakröfum sé deilt upp í þrennt. Fyrsti kröfuliður taki til tímabilsins fyrir áritun ársreiknings 1993, þ. e. fram til 15. apríl 1994, sbr. kafla C. 2 og C. 5. Annar kröfuliður taki til tímabilsins 15. apríl 1994 til 1. júlí 1994, þ. e.

fram til yfirtöku Áburðarverksmiðjunnar hf., sbr. kafla C. 3. Þriðji kröfuliður taki síðan til tímabilsins eftir 1. júlí 1994, sbr. kafla C. 4.

Í kafla C. 5 sé sérstök grein gerð fyrir þeim bóttum, sem krafist er, vegna þeirra greiðslna í tékkum, sem stefndi Þorsteinn hafi tekið undir sjálfan sig af kaupverði ýmissa veðskuldabréfa, er hann keypti. Þessir tékkar hafi allir verið innleystir fyrir 15. apríl 1994 nema tékki nr. 1808530, að fjárhæð 800.000 kr., sem innleystur hafi verið 13. september 1994. Stefndi Þorsteinn hafi þegar verið dæmdur til greiðslu þess tékka og að auki tékka nr. 861284, 33.729 kr., og tékka nr. 5734156, 270.000 kr., og sé ekki gerð sjálfstæð krafa vegna þeirra.

Samkvæmt matsgjörð sé tjón vegna bréfa nr. 4, 5, 8, 9, 10, 22, 23 og 24 reiknað með dráttarvöxtum fram að uppboðs- eða matsdegi. Þeirra dráttarvaxta sé krafist með höfuðstól dómkrafa, en dráttarvaxta frá uppboðs- eða matsdegi síðan krafist af höfuðstólum að frádregnum fyrrgreindum dráttarvöxtum.

#### C. 2. Tjón vegna bréfa, keyptra fyrir 15. apríl 1994.

Kaupd./ Vaxtad.	Skuldari	Veð	Nafnverð	Kaupverð	Tjón / Nr. bréfs
18.6. '93	Húsverk hf.	Berjarimi	8.000.000	7.766.700	2.364.680
20.12. '94	4 stk.	20–28			04
30.6. '93	Sami	Sama	2.000.000	1.852.460	2.319.232
7.3. '96					05
29.10. '93	Sól &	Eyraholt 1	1.500.000	1.450.000	1.485.415
21.10. '94	sæla sf.				07
29.10. '93	Húsverk hf.	Berjarimi	7.000.000	6.100.000	9.466.890
18.2. '97		20–28			08
2.12. 1993	Sami	Sama	5.000.000	4.500.000	6.803.942
18.2. '97					09
– 26.1. '94	Ómar &	Sama	9.000.000	8.500.000	12.407.637
18.2. '97	Gunnar sf.				10
21.2. '94	Jeco hf.	Skipholt 50	4.500.000	4.200.000	2.706.845
14.3. '95	2 stk.	D			11–12
14.3. '94	Sami	Sama	6.000.000	5.650.000	6.238.441
14.3. '95	3 stk.				13–15
11.4. '94	Sami	Sama	3.000.000	2.766.000	3.034.138
14.3. '95	2 stk.				16–17

Kaupverð alls 46.109.660 kr. Metið tjón 46.827.220 kr., en án dráttarvaxta

38.922.338 kr., en dráttarvaxta er krafist af þeirri fjárhæð frá uppboðs- eða matsdegi til greiðsludags.

C. 3. Tjón vegna keyþtra bréfa á tímabilinu 15. apríl til 1. júlí 1994.

Kaupd./ Vaxtad.	Skuldari	Veð	Nafnverð	Kaupverð	Tjón / Nr. bréfs
22.4. 1994	Jeco hf.	Skipholt	4.000.000	3.680.000	4.033.122
14.3. '95		50 D			18
25.5. '94	Sami	Sama	3.400.000	3.100.000	3.375.141
14.3. '95					19
1.6. '94	Eysteinn G.	Týsgata 5	1.050.000	950.000	1.099.003
13.7. '95	3 stk.	nh+1/2 ris			22–24
10.6. '94	Skjöldur	Óðingsgata 4	2.500.000	2.450.000	2.018.172
6.5. '95		3. hæð			25
23.6. '94	Hvammsv. hf.	Lækjar-	6.000.000	5.100.000	1.206.390
23.4. '96	12. stk	smári 9			38–49
27.6. '94	Jeco hf.	Skipholt 50	6.000.000	5.520.000	5.961.267
14.3. '95	2 stk.	D			26–27

Kaupverð alls 20.800.000 kr. Metið tjón 17.693.095 kr. Án dráttarvaxta 17.545.228 kr., en dráttarvaxta er krafist af þeirri fjárhæð frá uppboðs- eða matsdegi til greiðsludags.

C. 4. Tjón vegna bréfa, keyþtra eftir 1. júlí 1994.

Kaupd./ Vaxtad.	Skuldari	Veð	Nafnverð	Kaupverð	Tjón / Nr. bréfs
1.7. '94	Jeco hf.	Skipholt	2.000.000	1.800.000	1.926.922
14.3. '95		50 D			28
8.7. '94	Sami	Sama	3.500.000	3.150.000	3.372.113
14.3. '95					29
26.7. '94	Jeco hf.	Skipholt	1.500.000	1.350.000	1.448.210
14.3. '95		50 D			31
5.8. '94	Sami	Sama	1.000.000	900.000	953.595
14.3. '95					32
18.8. '94	Sami 2 stk.	Sama	4.000.000	3.600.000	3.814.379
14.3. '95					33–34
1.9. '94	Sami 3 stk.	Sama	3.500.000	3.150.000	3.312.109
14.3. '95					35–37

Kaupverð alls 13.950.000 kr. Metið tjón 14.827.328 kr. Án dráttarvaxta

14.827.328 kr., en dráttarvaxta er krafist af þeirri fjárhæð frá uppboðs- eða matsdegi til greiðsludags.

C. 5. Greinargerð um þann hluta kaupverðs einstakra veðskuldabréfa, sem runnið hafi beint til stefnda Þorsteins með útgáfu tékka.

Banki / Reikn.	Tékkannr.	Innlausnar- og vaxtadagur	Fjárhæð
ÍB / 401226	861281	4.5. 1993	182.000
Do.	861284	25.5. 1993	Dæmdur í HR
Do.	861286	1.6. 1993	384.000
Do.	861292	25.6. 1993	86.700
Do.	861294	1.7. 1993	52.460
Sp.Véltstj. / 2163	5734156	19.7. 1993	Dæmdur í HR
Do.	5734158	8.12. 1993	500.000
ÍB / 401226	1808530	13.9. 1994	Dæmdur í HR

Samtals tékkar 1.205.160 kr. Dráttarvaxta er krafist frá innlausnardegi hvers um sig. Samkvæmt matsgjörð hafi ekki verið hægt að meta að svo stöddu tjón vegna skuldabréfa, sem merkt eru í matsgjörð sem nr. 6, 20–21, 30 og 46–49, samtals að höfuðstól 4.250.000 kr. Áskilji stefnandi sér rétt til þess að koma að kröfum vegna þeirra undir rekstri málsins eða síðar.

### III.

*Málsástæður og lagarök stefndu landbúnaðarráðherra f. h. Áburðarverksmiðju ríkisins og fjármálaráðherra f. h. ríkissjóðs.*

Ofangreindir stefndu hafna því eindregið, að ávöxtun á fé lífeyrissjóðsins hafi fallið undir það verksvið, sem Áburðarverksmiðja ríkisins hafi tekið að sér að annast samkvæmt lokamálsgrein 5. gr. reglugerðar sjóðsins, þ. e. að annast reikningshald sjóðsins án endurgjalds. Samkvæmt 6. gr. reglugerðarinnar sé það hlutverk sjóðstjórnarinnar að sjá um ávöxtun á fé hans. Komi það einnig skýrt fram í mörgum fundargerðum frá árunum 1969–1988 og alveg sérstaklega frá 7. júlí 1993 og 7. júní 1994, að stjórnin hafi litið á það sem hlutverk sitt að ræða og taka ákvarðanir um, hvernig standa skyldi að ávöxtun sjóðsins. Þetta komi einnig fram m. a. í framburði stefnda Þorsteins í Héraðsdómi Reykjavíkur 1. nóvember 1995 í áðurnefndu sakamáli, sbr. einnig framburð Hákonar Björnssonar, stjórnarmanns í lífeyrissjóðnum, frá 2. nóvember 1995 í sama máli, svo og í framburði Steingríms Viðars Haraldssonar stjórnarformanns frá sama degi. Þessi afstaða stjórnarinnar til verkefnis síns komi einnig skýrt fram í skýrslugjöf meðstefnda Þorsteins hjá Rannsóknarlögreglu ríkisins í nóvember–desember 1994.

Stefndu hafna þeirri fullyrðingu, að í lokamálsgrein 5. gr. reglugerðar fyrir lífeyrissjóðinn felist loforð um, að Áburðarverksmiðja ríkisins annist allar fjárreiður stefnanda í samræmi við ákvæði reglugerðarinnar og landslög, m. ö. o. loforð um að taka að sér hlutverk stjórnarinnar um ávöxtun á fé sjóðsins, svo sem það sé skilgreint í 6. gr. reglugerðarinnar. Sé þetta einnig í mótsögn við ákvarðanir stjórnar stefnanda samkvæmt bókunum á stjórnarfundum. Með sama hætti er því mótmælt, að meðstefndu Þorsteinn og/eða Sveinn hafi unnið störf sín á ábyrgð þessara stefndu. Í málinu liggja fyrir, að það hafi verið stjórn stefnanda, sem hafi tekið ákvörðun um breytingar á reglugerð fyrir sjóðinn, sem m. a. hafi leitt til breyttra og aukinna umsvifa á ávöxtun á fé hans, m. a. með þeim skuldabréfakaupum, sem mál þetta sé spröttið af. Þau störf hafi meðstefndi Þorsteinn unnið á ábyrgð stjórnarinnar, og hafi hann raunar verið einn stjórnarmanna sjálfur. Ákvarðanir um ávöxtun sjóðsins hafi öll verið á hendi stjórnar hans, en ekki Áburðarverksmiðju ríkisins eða ríkissjóðs.

Tengsl meðstefnda Þorsteins annars vegar við Áburðarverksmiðju ríkisins og hins vegar við stefnanda komi m. a. fram í því, að meðstefnda Þorsteini hafi verið sagt upp störfum hjá Áburðarverksmiðjunni vegna þess, að hann hafi verið að leita að samkeppnisviðskiptum við erlenda aðila, en ekki vegna kaupa á skuldabréfum fyrir lífeyrissjóðinn. Meðstefndi Þorsteinn hafi hins vegar verið leystur frá stjórnarstörfum og umsjónarstörfum hjá lífeyrissjóðnum á fundi stjórnar sjóðsins 26. október 1994.

Að því er varði starfstengsl meðstefnda Sveins liggja ekki annað fyrir en að stjórn lífeyrissjóðsins hafi ákveðið að ráða hann löggiltan endurskoðanda, þar sem stjórn sjóðsins tilkynnti Sveini um uppsögn, og síðan verið gerð bókun á stjórnarfundum 22. desember 1994 um ráðningu nýs löggilts endurskoðanda. Bein starfstengsl meðstefnda Sveins við Áburðarverksmiðju ríkisins liggja engin fyrir.

Fullyrðingum í stefnu um, að Áburðarverksmiðja ríkisins hafi sagt meðstefnda Þorsteini upp störfum hans í þágu lífeyrissjóðsins, að Áburðarverksmiðju ríkisins hafi borið að fylgjast með daglegum störfum meðstefnda Þorsteins í þágu lífeyrissjóðsins, að meðstefndi Þorsteinn hafi unnið störf sín við ávöxtun lífeyrissjóðsins undir boðvaldi Áburðarverksmiðju ríkisins svo og að starf meðstefnda Sveins hafi verið hluti af heildarstarfsemi Áburðarverksmiðju ríkisins, sé öllum mótmælt sem röngum og ósönnuðum.

Til stuðnings varakröfu sinni um lækkun kröfu stefnanda vísi þessir stefndu til þess, að meðstefndi Þorsteinn hafi unnið verk sín í stjórn sjóðsins og við umsjón með fjármunum hans, þegar þau atvik urðu, sem stefn-

andi reki ætlað tjón sitt til, sem sérstakur fulltrúi sjóðfélaga, hinna raunverulegu eigenda lífeyrissjóðsins. Hljóti það a. m. k. að leiða til sakarskiptingar, sé á annað borð um sök annarra að ræða. Þá sé einnig fráleitt að telja þessa stefndu bera ábyrgð á ætlaðri sjálftöku meðstefnda Þorsteins.

Þá mótmæla þessir stefndu upphafsdögum dráttarvaxta sérstaklega.

*Málsástæður og lagarök Áburðarverksmiðjunnar hf.*

Stefndi kveður ljóst, að stjórn stefnanda, þ. á m. meðstefndi Þorsteinn, hafi séð um alla ávöxtun á fé stefnanda. Komi það skýrt fram í 6. gr. reglugerðar Lífeyrissjóðs starfsmanna Áburðarverksmiðjunnar svo og í ýmsum þeim fundargerðum, sem fyrir liggja í málinu. Jafnframt komi þetta fram í yfirheyrslum þeim fyrir Héraðsdómi Reykjavíkur og fyrir rannsóknarlög-reglu, sem fyrir liggja í málinu, m. a. yfirheyrslu yfir Steingrími Haraldssyni, stjórnarformanni stefnanda. Fjármunir sjóðsins hafi auðvitað verið í vörslum þess aðila, sem farið hafi með ávöxtunina, eða stjórn stefnanda sjálfs.

Þess vegna sé því með öllu hafnað, að stefndi hafi nokkuð annast ávöxtun eða fjárvörslu fyrir stefnanda. Hið eina, sem hann hafi séð um, hafi verið að annast reikningshald sjóðsins án endurgjalds samkvæmt 2. mgr. 5. gr. reglugerðar sjóðsins. Í því felist einungis að sjá um bókhald sjóðsins eftir þeim fylgiskjölum, sem fyrir hafi legið hverju sinni. Vísa megi til laga um bókhald um það, hvað í þessu felist. Skyldur stefnda og ábyrgð hafi aldrei tekið til annars en þessa. Í lögum nr. 27/1991 um ársreikninga og endurskoðun lífeyrissjóða sé að finna ákvæði um starfssvið og skyldur stjórnar lífeyrissjóða. Alveg sé ljóst af ákvæðum laganna, hverjar skyldur sjóðstjórna í lífeyrissjóðum séu, og jafnframt liggja auðvitað í augum uppi, að sjóðstjórnin hafi aldrei getað komið þessum lagaskyldum sínum á herðar stefnda. Breyti 2. mgr. 5. gr. reglugerðar sjóðsins um skyldu stefnda til að sjá um reikningshald hans sjóðnum að kostnaðarlausu engu í þessu efni, sérstaklega þegar 6. gr. reglugerðarinnar sé höfð í huga.

Stjórn stefnanda sjálfs hafi ráðið endurskoðanda til þess að annast endurskoðun á reikningum sjóðsins. Hafi stefndi ekkert komið nálægt ráðningu endurskoðanda. Jafnframt hafi væntanlega verið kosnir skoðunarmenn sjóðsins sjálfs, sbr. ákvæði laga nr. 27/1991 og 1. mgr. 5. gr. reglugerðar Lífeyrissjóðs starfsmanna Áburðarverksmiðjunnar.

Þegar litið sé til alls þessa, liggja fyrir, að stefnandi geri í málalíbúnaði sínum ekki greinarmun á reikningshaldi annars vegar og fjárvörslu, ávöxtun fjár, gerð ársreikninga og endurskoðun hins vegar. Í málinu liggja fyrir, að mistök og vanhöld séu við hið síðarnefnda, er valdi því ætlaða tjóni, sem stefnandi hafi orðið fyrir. Á því beri stefnandi sjálfur ábyrgð og geti ekki komið henni yfir á stefnda á grundvelli 2. mgr. 5. gr. reglugerðar stefnanda.

Stefndi mótmælir því, að meðstefndu Þorsteinn og Sveinn hafi unnið störf sín á ábyrgð stefnda. Það hafi verið störf stefnda Þorsteins við ávöxtun á fjármunum sjóðsins og ætluð vanræksla stefnda Sveins við endurskoðun á ávöxtunarstarfinu o. fl., sem hafi leitt til hins ætlaða tjóns. Þessi störf hafi meðstefndu unnið að fullu og öllu á ábyrgð og undir umsjón stjórnar stefnanda. Megi sjá það best á því, að það hafi verið stjórn sjóðsins, sem hafi leyst meðstefnda Þorstein frá stjórnarstörfum og umsjónarstörfum hjá sjóðnum á fundi hennar 26. október 1994. Það hafi einnig verið stjórn stefnanda, sem hafi tilkynnt meðstefnda Sveini um uppsögn, og jafnframt hafi stjórnin ráðið nýjan löggiltan endurskoðanda.

Sá misskilningur eða ruglingur, sem fram komi í stefnu, um starfssvið meðstefnda Þorsteins, sé skiljanlegur, þegar horft sé til þeirra miklu hagsmuna, sem stefnandi hafi af því að túlka 2. mgr. 5. gr. reglugerðarinnar svo rúmt sem hann geri. Jafnframt sé þetta skiljanlegt, þegar horft sé til þess langa tíma, sem meðstefndi Þorsteinn hafi séð um störf stefnanda, og þess, að það hafi verið stjórn stefnanda sjálfs, sem smám saman hafi fengið meðstefnda Þorstein til þess að sjá um fjárvörsluna og reikningshaldið sjálf, en í þessu séu fólgin mistök stjórnarinnar að miklu leyti. Það sé grundvallarregla um bókhald og meðferð fjármuna, að sami aðili sjái ekki um hvort tveggja. Stjórn stefnanda hefði a. m. k. átt að gera sér grein fyrir þeirri hættu, sem þessu fyrirkomulagi fylgdi, og því átt að hafa miklu nákvæmara og stöðugra eftirlit með störfum stefnda Þorsteins en raun hafi orðið á. Jafnframt hafi stjórnin átt að láta stefnda Þorstein hætta að hafa umsjón með fjárvörslu og ávöxtun sjóðsins, þegar hann gerðist einn stjórnarmanna stefnanda. Þessi mistök stjórnarinnar hafi orðið meðverkandi þáttur í hinu ætlaða tjóni, og geti stjórnin ekki komið ábyrgðinni á stefnda.

Stefndi kveður sérstaka ástæðu til að mótmæla þeirri fullyrðingu, sem fram komi í stefnu, að það hafi verið störf meðstefnda Þorsteins í þágu stefnanda, sem hafi orðið til þess, að honum hafi verið sagt upp störfum hjá Áburðarverksmiðjunni hf. Jafnframt sé sérstök ástæða til að mótmæla þeim fullyrðingum stefnanda, að stefnda hafi borið að sjá um að hafa eftirlit með starfi meðstefnda Þorsteins við reikningshald/bókhald lífeyrissjóðsins. Það eftirlit hafi auðvitað stjórn félagsins átt að hafa svo og sá endurskoðandi, sem hún hafi ráðið, auk kosinna skoðunarmanna sjóðsins sjálfs. Áburðarverksmiðjan hf. hafi aðeins átt að útvega á sinn kostnað starfsmann eða eftir atvikum starfsmenn, til þess að sjá um reikningshaldið sem slíkt.

Að því er varði ætlaða húsbóndaábyrgð á störfum meðstefnda Sveins, bendi stefndi á, að á tímabilinu júlí til október 1994, sé vafasamt, að meðstefndi Sveinn hafi haft nokkurt eftirlit með störfum meðstefnda Þorsteins.

Ekki sé um hefðbundinn uppgjör- eða endurskoðunartíma að ræða. Hafi því aldrei reynt áætlað starf hans í þágu stefnda vegna stefnanda á þeim tíma, sem stefndi annaðist reikningshald stefnanda.

Þá bendir stefndi á þann stutta tíma, sem liðið hafi, frá því að hann hafi hafið starfsemi, þar til sú háttsemi, sem leitt hafi til tjónsins, hafi verið stöðvuð. Þetta skipti máli, þegar haft sé í huga, að fyrstu 2–3 mánuðirnir hafi verið sumarleyfismánuðir og ekkert í starfsemi stefnanda gefið tilefni til sérstakrar skoðunar. Jafnframt megi ætla, að tiltölulega stuttur tími hafi verið liðinn, frá því að ársreikningur ársins 1993 hafi verið lagður fram og samþykktur án athugasemda. Verði að ætla stefnda sanngjarnan og eðlilegan tíma til þess að komast að framferði meðstefnda Þorsteins svo og til þess að koma í veg fyrir það. Þegar litið sé til málavaxta og þessa stutta tíma, verði ekki séð, að stefndi hafi brugðist neinum þeim skyldum, sem hann hafi tekið að sér, jafnvel þótt litið verði svo á, að hann hafi tekið að sér svo víðfeðmt starf sem stefnandi vilji vera láta.

Stefndi tekur undir og gerir að sínum allar málsástæður og lagarök hinna meðstefndu ráðherra f. h. Áburðarverksmiðju ríkisins og ríkissjóðs.

Varakröfu sína styður stefndi með vísan til sömu atriða og fram koma í greinargerð hinna meðstefndu ráðherra f. h. Áburðarverksmiðju ríkisins og ríkissjóðs. Jafnframt er vísað til þess stutta tíma, sem liðið hafi, frá því að Áburðarverksmiðjan hf. hafi tekið til starfa, þar til mál þetta hafi komist upp.

Að lokum mótmælir stefndi upphafsdegi dráttarvaxta í kröfugerð stefnanda.

#### *Málsástæður og lagarök stefnda Sveins Sæmundssonar.*

Sýknukrafa stefnda er í fyrsta lagi reist á því, að ekkert réttarsamband sé milli stefnanda og stefnda. Stefndi hafi verið ráðinn til endurskoðunarstarfans af Áburðarverksmiðju ríkisins og þegið laun frá henni fyrir starfann. Beri hann því ábyrgð á störfum sínum gagnvart þeirri stofnun. Ekkert réttarsamband hafi því stofnast milli stefnda og stefnanda, en endurskoðendur hans hafi verið ákveðnir í samræmi við 5. gr. reglugerðar sjóðsins, og sé stefndi ekki meðal þeirra. Þá hafi stjórn stefnanda afþakkað boð stefnda að sækja stjórnarfundi stefnanda, þegar taka hafi átt ársreikninga sjóðsins fyrir. Sé því krafist sýknu vegna aðildarskorts, sbr. ákvæði 2. tl. 16. gr. eml.

Stefndi bendi á, að stjórn stefnanda beri ábyrgð á ávöxtun fjár sjóðsins og með hvaða hætti það skuli gert, sbr. 6. gr. reglugerðar sjóðsins og bréf bankaeftirlits Seðlabanka Íslands frá 24. febrúar 1994. Stjórn stefnanda hafi

ekki haldið stjórnarfund, og verði ekki séð, að hún hafi gætt eftirlitsskyldu sinnar. Megi fullvíst vera, að öðruvísi hefði farið í máli þessu, hefði stjórnin sinnt hlutverki sínu, og verði framangreindri ábyrgð stjórnar ekki velt á stefnda. Stefndi mótmælir því, að stefnandi varpi ábyrgð stjórnar sjóðsins á stefnda, og bendir á, að samkvæmt 1. gr. laga um löggilta endurskoðendur nr. 67/1976, sem í gildi hafi verið á þessum tíma, sé það tilgangur laganna að „tryggja, að til sé í landinu á hverjum tíma stétt manna, sem hafi þekkingu til að gefa hlutlaust og áreiðanlegt álit á reikningsskilum til notkunar í viðskiptum“. Verði að gera greinarmun á þessu hlutverki endurskoðanda og hlutverki stjórnenda fyrirtækja. Stjórnendur beri einir ábyrgð á rekstri fyrirtækja og reikningsskilum þeirra, þ. m. t. framsetningu þeirra og efni. Stefndi hafi hagað endurskoðun sinni í samræmi við það, sem tíðkast hafi, en ekki hafi verið sýnt fram á af hálfu stefnanda, að venja sé, að endurskoðendur kanni, hvort kaup verðbréfa fullnægi reglum um veðhæfi, sbr. 1. tl. 6. gr. reglugerðar sjóðsins, þó að vitað sé um slíkar reglur. Hlutverk stefnda hafi verið að endurskoða ársreikning lífeyrissjóðsins, og hafi staða verðbréfaeignar sjóðsins í árslok 1993 ekki gefið tilefni til sérstakra athugasemda eða niðurfærslu í reikningsskilunum, enda hafi hann talið kaup á hinum umræddu verðbréfum gerð með samþykki stjórnar sjóðsins og sýnt vilja stjórnarinnar til að auka ávöxtun eigna hans eftir bréf bankaeftirlits Seðlabanka Íslands og setningu nýrrar reglugerðar fyrir sjóðinn. Ekkert hafi bent til, að verðbréfin myndu ekki fást greidd, og ekki hafi þau verið í vanskilum. Þá hafi mikil breyting orðið á ávöxtun lífeyrissjóða í landinu, eftir að þeir hafi tekið að kaupa áhættubríf, út gefin af fyrirtækjum. Endurskoðendum séu engar reglur settar, er skyldi þá til að fylgjast með einstökum ráðstöfunum sjóðsins, þ. m. t. skuldabréfakaupum, þegar þau fari fram. Væru slíkar reglur í gildi, þýddi það í raun, að endurskoðandi ætti að vera viðstaddur hverju sinni, er kaup væru gerð, og vera þátttakandi í þeim. Til samanburðar skuli bent á lánveitingar banka og annarra fjármálastofnana, en þar muni ekki tíðkast, að leitað sé eftir mati matsmanna, tilnefndra af fjármálaráðherra, sé brunabótamat ekki tiltækt. Verði að hafa í huga, að það sé ekki hlutverk endurskoðanda að rannsaka, hvort refsiverð brot hafi verið framin af þeim, sem endurskoðað er hjá.

Stefndi mótmælir því, að hann hafi bakað sér skaðabótaábyrgð á tjóni stefnanda með því, að leiðbeiningar sínar um uppsetningu verðbréfaeignar stefnanda hafi ekki verið í samræmi við „Reglur um ársreikninga“ frá 30. desember 1991, og bendir á, að bankaeftirlit Seðlabanka Íslands hafi farið yfir ársreikninga lífeyrissjóðsins og ekki gert athugasemd við framsetningu hans. Þá séu skýrslur til bankaeftirlits Seðlabanka Íslands fylgiskjal með

endurskoðuðum ársreikningi lífeyrissjóðs, og komi þar fram, að sundurliðun sé í fullu samræmi við reglurnar. Engin athugasemd hafi komið fram af hálfu bankaeftirlitsins við uppsetningu verðbréfaeignar stefnanda. Staðfest hafi verið af stefnda, að mistök hafi orðið í texta ársreiknings 1993 við liðinn „keypt bankabréf“. Upplýsingar um hin umræddu verðbréfa kaup hafi hins vegar komið fram í skýrslu stjórnar í ársreikningnum, og sé staðfest í dómi Hæstaréttar, að það, sem þar sé ritað um verðbréfa kaupin, svo og, að bréfin hafi verið í efnahagsreikningnum undir liðnum „bankabréf o. fl.“, gæfi naumast lesendum ársreikningsins tilefni til að álykta, að umrædd verðbréf væru með ábyrgð banka. Geti þessi mistök því ekki leitt til skaðabótaábyrgðar stefnda, eins og stefnandi geri kröfu til, hvorki á tjóni hans fyrir né eftir áritun hans á ársreikninginn.

Þá mótmælir stefndi því, að aðfinnsluvert hafi verið af honum að gefa sér, að stefndi Þorsteinn hefði heimild stjórnar til að kaupa skuldabréfin, og bendir á, að stefndi Þorsteinn hafi um árábil annast rekstur stefnanda, þ. m. t. verðbréfa kaup, og komið nánast undantekningarlaust einn fram af hálfu hans. Hafi engin efni verið til að efast um umboð hans til skuldabréfa kaupanna. Stefndi bendir á, að skaðabótaábyrgð verði ekki lögð á stefnda vegna endurskoðunarstarfa fyrir stefnanda, nema skilyrði almennu skaðabótareglunnar komi til. Í þessu máli sé hvorki skilyrði um sök, orsakatengsl né sennilegar afleiðingar. Að því er sakarskilyrði varði, hafi stefndi unnið störf sín með venjulegum hætti. Hann hafi þó orðið að vinna við þau óvenjulegu skilyrði, að hann hafi verið ráðinn af öðrum en stjórn stefnanda og viðmælandi hans verið einn stjórnarmanna stefnanda, sem jafnframt hafi verið starfsmaður Áburðarverksmiðju ríkisins og farið með daglegan rekstur sjóðsins bæði í umboði hennar og stjórnar stefnanda. Hafi því einu tengsl stefnda við stjórn lífeyrissjóðsins verið fyrir milligöngu þessa aðila, enda hafi stjórn stefnanda ekki gefið kost á frekari tengslum, þó að hann hefði leitað eftir og ekki sé ótvírætt, að hann hefði átt rétt á að sækja stjórnarfundum stefnanda, eins og stefnandi haldi fram, þar sem hann hafi ekki verið kjörinn endurskoðandi samkvæmt reglugerð sjóðsins. Ekki hafi verið sýnt fram á af hálfu stefnanda, að athugasemd af hálfu stefnda um skort á matsgerðum samkvæmt 1. tl. 6. gr. reglugerðar um sjóðinn hefðu komið í veg fyrir hin síðari verðbréfa kaup sjóðsins. Slíkar athugasemdir séu ekki tíðkaðar. Það hafi verið fleiri en stefnandi, sem hafi lánað til bygginga þeirra, sem settar hafi verið að veði fyrir skuldabréfum stefnanda. Þá megi ljóst vera, að stefndi hafi ekki séð né mátt sjá, er hann vann við endurskoðun ársreikningsins, að verðbréfa kaup þau, sem fram hafi farið árið 1993, gætu valdið því tjóni, sem síðar hafi orðið upplýst.

Ljóst sé, að stjórn stefnanda hafi verið kunnugt um skuldabréfakaupin 7. júní 1994, þar sem fram komi í skjölum málsins, að verðbréf hafi verið keypt fyrir 50,8 milljónir króna og umræður orðið um fjárfestingar sjóðsins. Hafi það verið í samræmi við venju, að stjórn stefnanda færi yfir einstaka liði efnahagsreiknings.

Í 10. gr. laga nr. 67/1976 um löggilta endurskoðendur komi fram regla um gildi áritunar endurskoðunar á reikningsskil. Segi þar, að með áritun endurskoðanda hafi reikningsskilin og bókhaldið verið endurskoðað af honum og að reikningsskilin gefi glögga mynd af hag og afkomu aðila og bókhaldið verið fært eftir viðurkenndum bókhaldsreglum. Með reikningsskilum sé átt við tölulegar upplýsingar á ákveðnu tímabili. Í reikningsskilum séu einstakar tölur ekki sérstaklega útskýrðar, heldur sé um að ræða reikningslok, sem sýni ákveðna niðurstöðu. Í ársreikningi hafi allar tölur komið fram, og sé vel ljóst, að þeir, sem notað hafi reikningsskilin, hafi mátt geta lesið út úr árituninni, hver eigna- og skuldastaða félagsins hafi verið. Bókhald félagsins hafi verið með eðlilegum hætti. Áritun endurskoðanda hafi ekki verið með þeim hætti, að hún hafi villt um fyrir lesendum reikningsskilanna. Þá hafi Hæstiréttur talið í refsimálinu, að ekki ætti að refsa stefnda fyrir að hafa ekki farið eftir þeirri fyrirmynd að uppsetningu efnahagsreikningsins, svo sem sé að finna í fylgiskjali með reglum bankaeftirlits ríkisins 30. desember 1991 um gerð ársreiknings lífeyrissjóða. Með vísan til þess heldur stefndi því fram, að hvorki endurskoðun né áritun stefnda á ársreikning 1993 hafi verið svo gölluð, að leitt geti til bótaábyrgðar hans.

Þá bendir stefndi á, að stefnandi hafi ekki sýnt fram á, að hann eða stjórn hans hafi leitast við að gera ráðstafanir til að draga úr tjóni stefnanda.

Um lagarök vísar stefndi til almennra reglna skaðabótaréttar.

#### *Málsástæður og lagarök stefnda Þorsteins V. Þórðarsonar.*

Stefndi kveðst hafa byrjað að kaupa skuldabréf á almennum markaði, þar sem honum sem starfsmanni sjóðsins hafi verið falið að leita leiða til að bæta ávöxtun fjár sjóðsins í kjölfar umræðna í stjórn lífeyrissjóðsins um, að grípa þyrfti til aðgerða til að auka arðsemi fjár sjóðfélaganna. Hafi stjórn sjóðsins fylgst með þessum kaupum á þann hátt, að á hverjum stjórnarfundi hafi verið lagður fram listi yfir keypt verðbréf, þau færð til bókar í fundargerðabók stjórnar og samþykkt af henni. Sami háttur hafi verið hafður á aðalfundum lífeyrissjóðsins, bæði 1993 og 1994, en þá hafi verið lagður fram listi með ársreikningi fundarmönnum til glöggvunar, þar sem fram hafi komið sundurliðun á keyptum skuldabréfum. Það sé því rangt, sem haldið sé fram í stefnu, að fundurinn, sem haldinn hafi verið með forsvarsmönnum

BM Vallá hf. 25. október 1994, hafi verið fyrsta vísbendingin, sem stjórn sjóðsins hafi fengið um kaup stefnda á skuldabréfum á almennum markaði. Stjórn sjóðsins hafi verið fullkunnugt um þessi kaup fyrir þann fund.

Stefndi heldur því fram, að það, að hann hafi verið dæmdur, m. a. vegna framburðar meðstjórnarmanna sinna í stjórn lífeyrissjóðsins, stafi einvörðungu af persónulegri óvild annarra stjórnarmanna í sinn garð, er rót eigi að rekja til þess, að stefndi hafi þá þegar látið í ljós áhuga á og vilja til að hætta störfum hjá Áburðarverksmiðjunni hf. og hefja samkeppnisrekstur um sölu áburðar. Jafnframt hafi aðrir stjórnarmenn áttað sig á því, að hætt væri við, að lífeyrissjóðurinn hefði gengið lengra en öruggt væri og á svig við 6. gr. reglugerðar sjóðsins við kaup á skuldabréfum, og væri því ósárt um, að stefndi yrði gerður að blóraböggli í því máli. Aðrir stjórnarmenn gætu síðan þvegið hendur sínar af því í skjóli vanrækslu á að halda stjórnarfundum og taka þannig þátt í eðlilegri og venjulegri stjórnun sjóðsins. Til þess síðan að gera málstað stefnda sem verstan hafi stjórnin látið undir höfuð leggjast að beita ýrtruðu úrræðum við að takmarka tjón sjóðsins, er veðsett- ar fasteignir hafi verið seldar nauðungarsölu. Stjórn sjóðsins hafi tekið áhættu í þeim tilgangi að auka arðsemi sjóðsins, og þar sem sú tilraun hafi mistekist, vilji stefnandi bæta sér skaðann með því að kalla stefnda sem og aðra stefndu til ábyrgðar á þeim mistökum, sem stefnandi beri jafnríka ábyrgð á, ef ekki ríkari. Af þessum sökum krefjist stefndi sýknu vegna eigin sakar annarra trúnaðarmanna lífeyrissjóðsins, sem líkt og hann hafi verið kosnir, m. a. af sjóðfélögum, til að gæta hagsmuna sjóðsins.

Því sé ekki fram haldið í málinu af hálfu stefnanda, að stjórn lífeyrissjóðsins sem slík hafi farið úrskeiðis, þannig, að sjóðfélagar eigi bótakröfu á hendur trúnaðarmönnum sínum, og verði því ekki leyst úr málinu á þeim grunni. Máltilbúnaður stefnanda sé allur studdur ætluðu glæpsamlegu athæfi stefnda, sem grundvallist á því, að hann hafi farið út fyrir heimildir reglugerðar sjóðsins. Ef meðstjórnarmenn stefnda hefðu greint frá umræðum á stjórnarfundum og fundargerðir stjórnar verið lagðar fram, hefði ekki komið til sakaráfells með þeim hætti, sem raun hafi borið vitni í dómi Hæstaréttar frá 2. apríl 1996. Kristallist máltilbúnaður stefnanda gegn stefnda í greindu refsímáli m. a. í því, að í Hæstarétti hafi stefndi verið dæmdur til greiðslu andvirðis 800.000 kr. vegna tékka, sem hann hefði afhent Grétari Haraldssyni, lögmanni lífeyrissjóðsins á þessum tíma. Dæmt hafi verið í Héraðsdómi Reykjavíkur í málinu E-5883/1995: Lífeyrissjóður starfsmanna Áburðarverksmiðju ríkisins gegn Grétari Haraldssyni, þar sem hann hafi verið krafinn um greiðslu þessarar fjárhæðar 28. maí 1996. Gréтар hafi verið sýknaður, þar sem hann hafi verið talinn eiga réttmæta kröfu á

hendur stefnanda vegna vinnu í hans þágu. Dómi þessum hafi stefnandi ekki áfrýjað. Stefndi sé því kærður og höfð uppi skaðabótakrafa á hendur honum vegna greiðslu á lögmannskostnaði til lögmanns lífeyrissjóðsins.

Varakröfu sína um verulega lækkun reisir stefndi á því, að stefnandi hafi sýnt stórfellt tómlæti um gæslu hagsmuna sinna á þeim eignum, sem hann hafi átt veð í, sérstaklega Skipholti 50 d. Lífeyrissjóður lækna hafi keypt eignina og getað selt hana aftur nánast strax með umtalsverðum söluhagnaði.

Stefndi vekur athygli á því, að stefnandi hafi afmarkað verkefni dómkvaddra matsmanna einvörðungu við það að meta, hvert tap stefnanda hafi orðið og hvert það yrði hugsanlega. Við hið dómkvadda mat verði því ekki stuðst við mat á því, hvort stefnandi hafi beitt sér sem skyldi til að takmarka tjón sitt. Þá sé álit bankaeftirlits Seðlabanka Íslands mótmælt sem málinu óviðkomandi. Þá mótmælir stefndi því, að höfð sé uppi krafa um greiðslu vegna óvissra krafna, þ. e., þar sem ekki liggja fyrir í raun, hvort fjárkröfur samkvæmt veðskuldabréfum glattist eða ekki. Það, að veðandlag hafi verið selt eða kunni að verða selt, án þess að krafa stefnanda greiðist að fullu af veðandlaginu, sé ekki mælikvarði á það, hvort krafan glattist. Það sé ekki, fyrr en ljóst sé, hvort skuldari kröfunnar verði gjaldþrota og eignir í búi hans nægi ekki fyrir skuldum.

Stefndi vísar til meginreglna skaðabótaréttar um eigin sök og skyldu til að takmarka tjón sitt.

#### IV.

##### *Niðurstöður.*

Stefndu Áburðarverksmiðja ríkisins og Áburðarverksmiðjan hf.

Samkvæmt 4. gr. reglugerðar fyrir Lífeyrissjóð starfsmanna Áburðarverksmiðju ríkisins, stefnanda í máli þessu, sem tók gildi 1. janúar 1993, skal stjórn sjóðsins skipuð fjórum mönnum, tveimur tilnefndum af stjórn Áburðarverksmiðju ríkisins og tveimur kosnum af sjóðfélögum.

Í 6. gr. reglugerðarinnar segir, að stjórn sjóðsins sjái um ávöxtun á fé hans, og skuli það gert meðal annars í skuldabréfum, með veði í húseignum allt að 50% af brunabótamatsverði eða, sé ekki um brunabótamat að ræða, þá af matsverði, sem ákveðið sé af tveimur mönnum, er fjármálaráðherra tilnefni, í bönkum og sparisjóðum eða skuldabréfum með beinni bankaábyrgð, í ríkisskuldabréfum og skuldabréfum með beinni bankaábyrgð og í skuldabréfum sveitarfélaga, enda sé fjárhagur hlutaðeigandi sveitarfélaga traustur að mati sjóðstjórnar.

Samkvæmt 1. mgr. 1. gr. laga nr. 27/1991 um ársreikninga og endurskoðun

lífeyrissjóða skal stjórn lífeyrissjóðs sjá um, að saminn sé ársreikningur fyrir hvert almanaksár í samræmi við reglur, sem bankaeftirlit Seðlabanka Íslands setur. Þá kemur fram í 2. mgr. sömu greinar, að í ársskýrslu stjórnar skuli koma fram yfirlit um starfsemi sjóðsins á árinu svo og upplýsingar um atriði, er mikilvæg eru við mat á fjárhagslegri stöðu sjóðsins og afkomu hans á reikningsárinu. Í 2. gr. laganna er kveðið á um, að endurskoðun hjá lífeyrissjóði skuli gerð af tveimur skoðunarmönnum, sem valdir skuli samkvæmt nánari ákvæðum í reglugerð sjóðsins, og einum skoðunarmanni, sem sé löggiltur endurskoðandi. Um skoðunarmenn stefnanda segir í 5. gr. áðurnefndrar reglugerðar frá 1993, að annar þeirra skuli tilnefndur af stjórn Áburðarverksmiðju ríkisins, en hinn kosinn af sjóðfélögum.

Í 2. mgr. 5. gr. reglugerðarinnar kemur fram, að Áburðarverksmiðja ríkisins annist reikningshald sjóðsins án sérstaks endurgjalds. Með reikningshaldi er átt við skráningu færslna á tilteknu tímabili og að taka saman og greina frá þeim upplýsingum, sem færslurnar endurspeglar í lok þess. Er reikningshald þannig grundvöllur reikningsskila, en þeim er ætlað að veita upplýsingar um fjárhagsstöðu, rekstrarárangur og breytingar á fjárhagslegri skipan hlutaðeigandi aðila. Samkvæmt því verður ekki fallist á þá málsástæðu stefnanda, að stefndu Áburðarverksmiðja ríkisins og Áburðarverksmiðjan hf. hafi tekið að sér að annast fjárreiður og ávöxtun fjármuna stefnanda á grundvelli framangreinds ákvæðis reglugerðarinnar.

Með vísan til þess, sem hér hefur verið rakið, er það álit dómsins, að stefnandi beri sjálfstæða ábyrgð á reikningshaldi sínu, reikningsskilum og ávöxtun fjármuna, þrátt fyrir það að þjónusta vegna reikningshaldsins skuli vera honum að kostnaðarlausu. Verða stefndu landbúnaðarráðherra f. h. Áburðarverksmiðju ríkisins og fjármálaráðherra f. h. ríkissjóðs svo og Áburðarverksmiðjan hf. því ekki gerðir ábyrgir fyrir þessum skyldum stefnanda.

Af framansögðu leiðir, að það var ekki á valdi Áburðarverksmiðju ríkisins og Áburðarverksmiðjunnar hf. að gefa stefndu Þorsteini og Sveini fyrirskipanir og hafa eftirlit með ofangreindum starfa þeirra í þágu stefnanda eða segja þeim fyrir verkum á einn eða annan hátt. Var stefndi Þorsteinn því starfsmaður stefnanda, en ekki ofangreindra lögaðila. Pykir eigi skipta máli í því sambandi, að stefndi fékk laun sín greidd frá þeim. Þá verður og að telja, að endurskoðunarstörf stefnda Sveins hafi verið á vegum og í þágu stefnanda, en ekki Áburðarverksmiðju ríkisins og Áburðarverksmiðjunnar hf. eftir 1. júlí 1994, enda þótt þessi starfi hans hafi verið stefnanda að endurgjaldslausu. Það er því niðurstaða dómsins, að Áburðarverksmiðja ríkisins og Áburðarverksmiðjan hf. hafi ekki haft húsbóndavald yfir stefndu Þorsteini og Sveini vegna áðurgreindra starfa þeirra í þágu stefnanda.

Samkvæmt því, sem hér hefur verið rakið, ber að sýkna stefndu landbún- aðarráðherra f. h. Áburðarverksmiðju ríkisins og fjármálaráðherra f. h. ríkissjóðs svo og Áburðarverksmiðjuna hf. af kröfum stefnanda í máli þessu.

Stefndi Sveinn Sæmundsson.

Með vísan til þess, sem áður segir um endurskoðunarstörf stefnda Sveins, voru þau unnin í þágu stefnanda, en ekki meðstefndu Áburðarverksmiðju ríkisins og síðar Áburðarverksmiðjunnar hf. Var þannig beint réttarsamband á milli stefnda Sveins og stefnanda. Verður sýknukrafa stefnda vegna aðildar- skorts því ekki tekin til greina.

Svo sem áður greinir, var stefndi Sveinn sakfelldur í Hæstarétti með dómi, upp kveðnum 2. apríl 1996, fyrir brot gegn 10. gr., sbr. 17. gr., laga nr. 67/1976 um löggilta endurskoðendur og 2. mgr. 3. gr. laga nr. 27/1991 um ársreikninga og endurskoðun lífeyrissjóða, en stefndi hafði verið sýknaður af ákæru á fyrra dómstigi. Segir svo í dómi Hæstaréttar um þá háttsemi, sem stefndi var sakfelldur fyrir:

„Ákærða Sveini er, eins og áður segir, gefið að sök að kanna ekki, hvort farið var að ákvæðum reglugerðar lífeyrissjóðsins árið 1993 við kaup skuldabréfa, en þau voru tryggð með veði í fasteigninni Berjarima 20–28 í Reykjavík. Ákærði ber, að hann hafi þekkt þetta reglugerðarákvæði og að ekki hafi verið að finna í gögnum lífeyrissjóðsins mat á þessari eign. Segir ákærði, að það hafi verið eigið mat, en ekki annarra, sem lá fyrir, þegar hann mat veðsetningarnar við lok efnahagsreiknings fyrir árið 1993.

Ákærða var kunnugt um kaup greindra veðskuldabréfa og kveðst hafa talið þau gerð með vitund og vilja stjórnar sjóðsins. Honum mátti vera ljóst, að kaupin voru andstæð 1. tl. 6. gr. reglugerðar lífeyrissjóðsins. Bar honum því að gera fyrirvara um þetta í áritun á ársreikningana eða á videigandi hátt í skýringum með þeim. Athugasemdir til stjórnar sjóðsins gátu ekki, eins og hér stóð á, komið í stað fyrirvara í áritun á ársreikninginn. Verður að telja, að ákærði hafi með þessu brotið gegn þeim lagaákvæðum, sem greind eru hér að framan.“

Í refsímáli þessu var stefnda Sveini jafnframt gefið að sök að gera ekki athugasemd við, að umrædd veðskuldabréf voru ranglega tilgreind sem „bankabréf o. fl.“ í efnahagsreikningi og í yfirliti um peningaflæði sem „keypt bankabréf“, þótt um engin slík bréf væri að ræða. Var sá þáttur ákærunnar afgreiddur með svofelldum hætti í dómi Hæstaréttar:

„Með vísun til forsendna héraðsdóms verður fallist á, að ekki hafi verið rétt að skipa í sama flokk í efnahagsreikningi skuldabréfum með ábyrgð

banka og skuldabréfum með veði í fasteignum og að það verði rakið til mistaka ákærða. Á það er hins vegar að líta, að í skýrslu stjórnar lífeyrissjóðsins með ársreikningnum kemur skýrt fram, að á rekstrarárinu hafi verið keypt verðbréf fyrir 50,8 milljónir króna, og þar af hafi verið 7,4 milljónir króna í húsbúðum, 3,5 milljónir króna í skuldabréfum Húsnæðisstofnunar og loks „önnur skuldabréf“ fyrir 39,9 milljónir króna. Gaf það lesendum ársreikningsins naumast tilefni til að álykta, að síðastgreind bréf væru skuldabréf með ábyrgð banka. Liðurinn „Bankabréf o. fl.“ í efnahagsreikningnum bar auk þess greinilega með sér, að hann tæki einnig til annarra bréfa en bankabréfa. Verður ákærða því ekki gerð refsing fyrir það, að hann fór í þessu atriði ekki eftir þeirri fyrirmynd að uppsetningu efnahagsreiknings, sem er að finna í fylgiskjali með reglum bankaeftirlits 30. desember 1991 um gerð ársreiknings lífeyrissjóða.“

Í „Yfirliti um peningafæði 1992“, sem er hluti umrædds ársreiknings 1993, kemur fram undir liðnum „Skuldabréfakaup“ og undirliðnum „Keypt bankabréf“, að þau kaup höfðu aukist úr 5.010.000 kr. árið 1992 í 39.897.400 kr. árið 1993. Þá segir í efnahagsreikningi 1. desember 1993 undir liðnum „Langtímakröfur“ og undirliðnum „Bankabréf o. fl.“, að kröfufjárhæð hafði hækkað úr 63.443.000 kr. árið 1992 í 90.513.059 kr. árið 1993. Í skýrslu stjórnar stefnanda með ársreikningnum, dagsettri 7. júní 1994, segir svo um verðbréfakaup ársins 1993:

„Árið 1993 voru keypt verðbréf fyrir 50,8 milljónir kr., og þar af voru húsbúð keypt fyrir 7,4 milljónir kr., skuldabréf Húsnæðisstofnunar fyrir 3,5 milljónir kr. og önnur skuldabréf fyrir 39,9 milljónir kr.“

Samkvæmt þessu fóru um 4/5 af verðbréfakaupum stefnanda árið 1993 fram í formi „annarra skuldabréfa“. Gaf það eitt stjórninni ríka ástæðu til að kanna, hvernig þeim kaupum var hagað, og er reyndar með ólíkindum, að svo hafi ekki verið gert.

Stefndi Sveinn tók við bókhaldsgögnum úr hendi meðstefnda Þorsteins og færði ársreikninginn samkvæmt þeim. Meðstefndi Þorsteinn var umsjónarmaður stefnanda allt frá árinu 1973 og jafnframt einn stjórnarmanna stefnanda, kosinn af sjóðfélögum, allt frá árinu 1974 og þar af í aðalstjórn frá árinu 1982.

Stefndi Sveinn kveðst hafa verið í góðri trú um, að stjórn stefnanda hefði verið fullkunnugt um áður nefnd verðbréfakaup. Er ekkert fram komið í málinu, sem rýrir sannleiksgildi þeirrar fullyrðingar stefnda. Þykir því bera að miða við í ljósi þess trausts, sem stjórn stefnanda virðist samkvæmt framansögðu hafa borið til stefnda Þorsteins, að stefndi Sveinn hafi mátt ætla, að kaupin væru með vitund og vilja hennar, er hann gekk frá ársreikningnum.

ingnum. Þá er þess að geta, að við gerð ársreikningsins var ekkert, sem bent til annars en ætla mætti, að umrædd verðbréfakaup og töluleg staða þeirra í bókhaldi stefnanda gæfi rétta mynd af efnahag stefnanda á þeim tíma, sem gengið var frá ársreikningnum.

Tjón stefnanda verður að langmestu leyti rakið til kaupa á skuldabréfum, tryggðum með veði í fasteignum á byggingarstigi. Verður að telja, enda þótt ekki hafi að öllu leyti verið gætt ákvæða laga um löggilta endurskoðendur nr. 67/1976, sem þá voru í gildi, og laga nr. 27/1991 um ársreikninga og endurskoðun lifeyrissjóða, við gerð ársreikningsins, að hann hafi, eins og hann var fram settur, gefið stjórn stefnanda ríkt tilefni til frekari könnunar á skuldabréfakaupum stefnanda, þar sem um verulega breytingu á fjárfestingum stefnanda í formi verðbréfakaupa var að ræða milli árána 1992 og 1993, eins og reyndar kemur fram í skýrslu stjórnarinnar sjálfrar. Hefði sú athugun átt að leiða til viðeigandi aðgerða stefnanda. Er því að mati dómsins ósannað af hálfu stefnanda, að orsakatengsl séu á milli athafna eða athafnaleysis stefnda Sveins við gerð ársreikningsins og tjóns stefnanda. Verður stefndi Sveinn því sýknaður af kröfum stefnanda í málinu.

Stefndi Þorsteinn V. Þórðarson.

Svo sem áður greinir, var stefndi Þorsteinn dæmdur í Hæstarétti með dómi, upp kveðnum 2. apríl 1996, fyrir umboðssvik samkvæmt 249. gr. almennra hegningarlaga nr. 19/1940 með því að hafa á tímabilinu frá apríl 1993 til september 1994 farið verulega út fyrir heimildir 1. tl. 6. gr. reglugerðar stefnanda við kaup á skuldabréfum, samtals að kaupverði 91.794.660 kr., en að nafnverði 100.587.872 kr., og þannig stefnt hagsmunum sjóðsins í hættu. Þá var hann jafnframt sakfelldur fyrir umboðssvik með því að hafa framselt nafngreindum meðákærða umboð og afhent honum tékka, að fjárhæð 800.000 kr., í andstöðu við reglur stefnanda. Að lokum var stefndi fundinn sekur um fjárdrátt samkvæmt 247. gr. almennra hegningarlaga, að fjárhæð 303.729 kr. Stefndi var hins vegar sýknaður af ákæru um fjárdrátt vegna útgáfu og innlausnar fimm tékka, samtals að fjárhæð 1.205.160 kr.

Leggja verður ofangreindar niðurstöður dóms Hæstaréttar með þeim röksemdum, er þar greinir, til grundvallar við úrlausn þessa máls, sbr. 4. mgr. 116. gr. laga nr. 91/1991 um meðferð einkamála, sbr. samsvarandi ákvæði í 1. mgr. 138. gr. laga nr. 19/1991 um meðferð opinberra mála, enda verður annað eigi beinlínis ráðið af gögnum málsins.

Tjón stefnanda er metið í matsgerð dómkvaddra matsmanna, dagsettri 18. febrúar 1997. Hafa ekki komið fram athugasemdir við tölulegar niðurstöður matsins. Samkvæmt matsgerðinni er talið, að kröfur samkvæmt 42

skuldabréfum séu tapaðar að öllu leyti eða að hluta, og er tap stefnanda talið nema 79.347.642 kr.

Fallist er á niðurstöður matsins að öðru leyti en því, að ekki er talið nægilega í ljós leitt, að kröfur samkvæmt eftirfarandi skuldabréfum séu að fullu tapaðar, þar sem ekki verður ráðið af gögnum málsins, að innheimtu- aðgerðir hafi verið reyndar til fulls:

Skuldari	Fjöldi skuldabréfa	Tap stefnanda skv. mati matsmanna
Sól og sæla sf.	1	kr. 1.485.415
Eysteinn G. Guðmundsson	3	– 1.099.002
Skjöldur	1	– 2.018.172
Húsverk hf.	2	– 16.270.832
Ómar og Gunnar sf.	1	– 12.407.637
Hvammverk hf.	12	– 1.206.390
Samtals	20	kr. 34.487.448

Samkvæmt framanrituðu er lagt til grundvallar, að kröfur stefnanda samkvæmt 22 skuldabréfum séu að fullu tapaðar, og nemur tjón stefnanda samkvæmt því 44.860.194 krónum.

Kemur þá til álita, hvort til sé að dreifa eigin sök stefnanda og þá einkum í því sambandi, hvort stjórnarmenn hans aðrir en stefndi Þorsteinn hafi sinnt eftirlitshlutverki sínu á tilhlýðilegan hátt.

Í málinu liggur fyrir bréf bankaeftirlits Seðlabanka Íslands, dagsett 11. desember 1992, til stjórnar stefnanda. Kemur fram í upphafi bréfsins, að bankaeftirlitið hafi með vísan til laga nr. 27/1991 um ársreikninga og endurskoðun lífeyrissjóða lokið athugun sinni á ársreikningi stefnanda fyrir árið 1991 sem og „Athugun á stöðu Lífeyrissjóðs starfsmanna Áburðarverksmiðju ríkisins í árslok 1990“, gerðri af Guðjóni Hansen tryggingafræðingi. Segir í bréfinu, að athugun hafi beinst annars vegar að því, hvort ársreikningur lífeyrissjóðsins hafi verið í samræmi við ákvæði tilvitnaðra laga og reglur settar samkvæmt þeim, en hins vegar, hvort rekstri eða fjárhagsstöðu sjóðsins sé ábótavant í verulegum atriðum. Um fyrra atriðið telji banka- eftirlitið ekki ástæðu til að gera athugasemdir við ársreikninginn, en hins vegar sé ástæða til að víkja nánar að fjárhagsstöðu lífeyrissjóðsins. Um þann þátt segir orðrétt í bréfinu:

„Athugun tryggingafræðingsins á fjárhagsstöðu sjóðsins er gerð með tilvísun til 7. gr. reglugerðarinnar og miðast við árslok 1990. Niðurstöður athugunarinnar leiða í ljós umtalsverða fjárvöntun til þess, að lífeyrissjóðurinn geti staðið við þær skuldbindingar, sem á honum hvíla gagnvart sjóð-

félögum skv. gildandi reglugerð. Sé miðað við 2% ávöxtun á eignum sjóðsins umfram hækkun grundvallarlauna, vantar 354 millj. kr. til þess, að unnt sé að mæta framtíðarskuldbindingum sjóðsins. Sé miðað við áfallnar skuldbindingar í lok uppgjörsárs, er vöntunin 267 millj. kr. Ef miðað er við 3% ávöxtun á eignir sjóðsins umfram hækkun grundvallarlauna, er vöntunin 206 millj. kr. eða 184 millj. kr. eftir því, við hvora uppgjörsaðferðina er miðað. Uppgjörið tók einvörðungu til A-deildar sjóðsins. Ekki er um það að ræða, að þriðji aðili beri ábyrgð á skuldbindingum lífeyrissjóðsins. Til þess að jafna þann halla, sem orðinn er, þarf óhjákvæmilega að grípa til viðeigandi ráðstafana. Á það hefur tryggingafræðingur sjóðsins einnig bent í áðurnefndri álitserð. Bankaeftirlitið vill benda á sem dæmi um ráðstafanir, sem unnt er að grípa til, 1) að ná hærri raunávöxtun á eignir, 2) hækka iðgjöld eða 3) rýra lífeyrisréttindi sjóðfélaga.

Af framansögðu telur bankaeftirlitið ljóst, að fjárhagsstöðu Lífeyrissjóðs starfsmanna Áburðarverksmiðju ríkisins er að þessu leyti í verulegum atriðum ábótavant. Með tilvísun til 2. mgr. 4. gr. laga nr. 27/1991 óskar bankaeftirlitið eftir upplýsingum frá stjórn sjóðsins, til hvaða aðgerða hafi verið gripið í framhaldi af ábendingum í álitserð tryggingafræðings sjóðsins, sem miðast við árslok 1990, eða til hvaða aðgerða stjórnin hyggst grípa til þess að bæta fjárhagsstöðu lífeyrissjóðsins.“

Með hliðsjón af ofansögðu ákvað stjórn stefnanda á fundi 30. nóvember 1992 að skerða öll áunnin stig í sjóðnum um 15% frá 1. janúar 1993. Þá er fram komið í málinu, að sjóðnum var lokað í árslok 1992 og ekki tekið við iðgjöldum frá þeim tíma.

Á fundi stjórnar stefnanda 7. júlí 1993 er meðal annars bókað í fundargerð, að ávöxtun sjóðsins hafi verið rædd með hliðsjón af „ávöxtunartökum frá öðrum sjóðum“, og hafi komið fram, að beinn samانبurður væri erfiður, því að uppgjör hvers konar sjóða væru ekki alltaf eins útfærð samkvæmt reikningskilavenjum. Næsti fundur stjórnar var síðan ekki haldinn fyrr en 7. júní 1994, en þá var umræddur ársreikningur fyrir árið 1993 lagður fram.

Svo sem áður greinir, er það niðurstaða dómsins, að ársreikningur stefnanda fyrir árið 1993, eins og hann var fram settur, hafi gefið stjórn stefnanda ríkt tilefni til frekari könnunar á umræddum skuldabréfakaupum, með því að um verulega breytingu á fjárfestingum stefnanda í formi verðbréfakaupa var að ræða milli áronna 1992 og 1993, en þessi meginbreyting kemur fram í skýrslu stjórnarinnar sjálfar með ársreikningnum. Verður að virða stjórninni það til verulegrar vanrækslu í störfum sínum, að svo var eigi gert. Þá ber jafnframt á það að líta í þessu samhengi, að enginn bókaður stjórnarfundur var haldinn í ellefu mánuði á tímabilinu frá 7. júlí 1993 til 7. júní 1994.

Ósannað er af hálfu stefnda Þorsteins, að stefnandi hafi getað dregið frekar úr tjóni sínu en gert hefur verið af hans hálfu.

Þegar litið er til eigin sakar stefnanda samkvæmt áðursögðu og hliðsjón höfð af reglum 24. gr. skaðabótalaga nr. 50/1993, er hér þykir mega beita, þykir rétt að dæma stefnda Þorstein til að greiða stefnanda skaðabætur, er þykja hæfilega ákveðnar 5.000.000 kr. Skal sú fjárhæð bera dráttarvexti samkvæmt III. kafla vaxtalaga nr. 25/1987 frá þingfestingardegi 8. apríl 1997 til greiðsludags. Eigi er þörf sérstaks dómsákvæðis um höfuðstólsfærslu dráttarvaxta, þar sem lögbundna heimild til þess er að finna í 12. gr. vaxtalaga.

Þá ber að dæma stefnda Þorstein til að greiða stefnanda málskostnað, er telst hæfilegur 500.000 kr., að meðtöldum virðisaukaskatti, en að öðru leyti er rétt, að málskostnaður milli aðila falli niður.

Dóminn kveða upp Helgi I. Jónsson héraðsdómari og meðdómendurnir Eggert Óskarsson héraðsdómari og Lárus Finnbogason, viðskiptafræðingur og löggiltur endurskoðandi.

#### D ó m s o r ð:

Stefndu landbúnaðarráðherra fyrir hönd Áburðarverksmiðju ríkisins og fjármálaráðherra fyrir hönd ríkissjóðs, Áburðarverksmiðjan hf. og Sveinn Sæmundsson eru sýknaðir af kröfum stefnanda, Lífeyrisjóðs starfsmanna Áburðarverksmiðju ríkisins, í máli þessu.

Stefndi Þorsteinn V. Þórðarson greiði stefnanda 5.000.000 kr. ásamt dráttarvöxtum samkvæmt III. kafla vaxtalaga nr. 25/1987 frá 8. apríl 1997 til greiðsludags og 500.000 kr. í málskostnað, en að öðru leyti fellur málskostnaður niður.